2014

# Kynning á starfsmenntun – KÁS



Elín Thorarensen

Fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Kynningarátak í starfsmenntun er liður í átaki ríkisstjórnarinnar *Nám er vinnandi vegur* á árinu 2013. Kynningarátakið byggist á tillögum í skýrslunni *Kynning á starfsmenntun* sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.**

Kynningarátak í starfsmenntun 2013 – KÁS

Skýrsla unnin af Elínu Thorarensen fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mars 2014

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ........ 3
Yfirlit ........ 4
Verkefni vorið 2013 ........ 6
Kynningarefni ........ 7
Samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa ........ 9
Samstarf  við SA og SI ........ 9
Kynningar ........ 10
Fjölmiðlar ........ 10
Efling náms- og starfsráðgjafar ........ 11
Verkefni haust 2013 ........ 12
Kynningarefni ........ 13
Fræðsluefni um nám að loknum grunnskóla ........ 13
Kynningarmyndbönd ........ 13
Fundað var með fulltrúum Iðunnar – fræðsluseturs til að skoða hvar ........ 14
Samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa ........ 14
Samstarf við SA og SI ........ 14
Framhaldsskólakynning ........ 15
Spurningakannanir að lokinni kynningu ........ 16
Framhaldsskóli ........ 16
Grunnskóli ........ 17
Helstu niðurstöður ........ 19
Efling starfsmenntunar ........ 20
Næstu skref ........ 21
Lokaorð ........ 23
Heimildaskrá ........ 24
Viðaukar ........ 25

## Yfirlit

Verkefnið felst í yfirumsjón með kynningarátaki í starfsmenntun sem lið í átaki ríkisstjórnarinnar *Nám er vinnandi vegur* á árinu 2013. Kynningarátakið KÁS, byggist á tillögum sem lagðar voru fram í skýrslunni *Kynning á starfsmenntun* sem unnin var af Elínu Thorarensen fyrir mennta- og menningarmála-ráðuneytið árið 2012.

Verkefnið hófst 1. febrúar 2013 og var verkefnastjóri ráðinn í 60% starfshlutfall til 30. desember 2013. Um haustið var ljóst að til að ljúka ákveðnum verkþáttum þyrfti að framlengja verkefninu og var því samningurinn framlengdur til 31. mars 2014.

Í febrúar 2013 var byrjað á því að skilgreina verkefnið og finna fulltrúa hagsmunaaðila í samráðshóp.

*Samráðshópurinn var þannig skipaður:*
Baldur Gíslason, Félag íslenskra framhaldsskóla
Iðunn Kjartansdóttir, Félag náms- og starfsráðgjafa
Guðrún Eyjólfsdóttir, Samtök atvinnulífsins
Þórdís Sævarsdóttir, Félag grunnskólakennara
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Samtök Iðnaðarins
Björn Ágúst Sigurjónsson, Alþýðusamband Íslands
Ágúst Bogason, BSRB
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Heimili og skóli
Svandís Ingimundardottir, Samband íslenskra sveitarfélaga
Þórdís Guðmundsdóttir, Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Eva Brá Önnudóttir, Samband íslenskra framhaldsskólanema, haustið 2013 tók við nýr fulltrúi SÍF
Laufey María Jóhannsdóttir

Einnig var skipaður bakhópur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í bakhóp ráðuneytisins voru: Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórdís Guðmundsdóttir, Þórunn Jóna Hauksdóttir, Björg Pétursdóttir og Erna Árnadóttir.
Í fyrrgreindri skýrslu var lagt til eftirfarandi skipulag á kynningu á starfsmenntun (mynd 1). Þetta fyrirkomulag var rætt í samráðshópnum og skoðað hvert af þessu væri raunhæft að framkvæma á árinu 2013 þar sem skýrslan gerði ráð fyrir langtímaverkefni til þriggja ára.

Hér á eftir eru birtar verkefnaáætlanir verkefnisins og gerð grein annars vegar fyrir verkefnum sem unnin voru vorið 2013 og hins vegar haustið 2013, sem að vísu teygir sig fram til marsbyrjunar 2014 er framhaldsskólakynningin var haldin í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina.




*Mynd 1 – Tillaga að skipulagi verkefnis*

## Verkefni vorið 2013

Vorið 2013 voru haldnir þrír fundir með samráðshópnum og tveir fundir með bakhópnum. Á þessum vettvangi voru gerð drög að verkefnum vorsins annars vegar og haustins hins vegar. Sjá Töflu 1 og töflu 2 hér fyrir neðan.

| Vor 2013 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kynningarefni** | **Samstarf við FNS** | **Kynningar** | **Samstarf** | **Fjölmiðlar** | **Efling náms- og starfsráðgjafar** |
| **Feb-maí** | **Apríl/maí** | **Maí** | **Maí** | **Apríl/maí** | **Mars-maí** |
| Ákveða áherslur í kynningum, hvernig efni og hvar birt | Dagur námsráðgjafar 20. okt? tileinkaður list-, verk- og tækninámi Gera drög að dagskrá | Kynna á landsbyggð "Módelið" frá Reykjanesbæ | SA og GERT: Fyrirtækjalistar/ nafnalistar Samstarf fyrirtækja og skóla | Athuga með vilja til að vera með þætti þar sem er umfjöllun um starfsmenntun | Fylgjast með þróun á stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf |
| Val á auglýsingastofu | Gerð og nýting kynningarefnis | Ræða við fræðslustjóra og námsráðgjafa | GERT Endurmenntun kennara | Útvarp – samfélagið í nærmynd , Ísland í bítið | Ákveða hvernig þessu máli verður fylgt eftir á haustmisseri |
| Auglýsingar á námsleiðum í apríl/maí | Kynning í einum verkmenntaskóla í vor *Tækniskólinn 18.4* | Heimsækja nokkra staði á landsbyggð í maí, 6 landshluta? | GERT: Kynningar á landsbyggð | | |

***Tafla 1 - Verkefnaáætlun vor 2013***

| Haust 2013 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kynningarefni** | **Námskynning** | **Efling starfsmenntunar** | **Samstarf** | **Skipulag** | **Skýrslugerð** |
| **Ágúst- des** | **Sept-des** | **Sept-nóv** | **Sept-des** | **Okt-des** | **Des** |
| Hönnun kynningarefnis í samráði við auglýsingastofu | Undirbúa frhsk kynningu með íslandsmóti verkiðna í mars | Draga fram í umræðuna – hvernig? | Áframhald samstarfs við FNS, SA, GERT o.fl. | Skipuleggja áframhald verkefnis næstu 2 árin | Verkefnisstjóra ber að skila skýrslu um áramót |
| Dreifing kynningarefnis | | | Dagur námsráðgjafar o.fl. | | |

***Tafla 2 - Verkefnaáætlun haust 2013***

## Kynningarefni

Ákveðið var að birta auglýsingar í apríl og maí 2013 með það að markmiði að kynna fjölbreyttar námsleiðir í starfsmenntun. Gerður var samningur við auglýsingastofu um hönnum og auglýsinga sem birtar voru á prenti, í bíósölum og á veraldarvefnum. Valdar voru ákveðnar síður þar sem markhópurinn voru foreldrar s.s. mbl.is og nokkrar undirsíður á þeim vef, visir.is og dv.is. Til að ná til nemenda var auglýst á fotbolti.net,




*Mynd 2 - Auglýsing á mbl.is 29. maí 2013*

Facebook og notast var við Google display sem birtir auglýsingar á þeim síðum sem valinn markhópur sækir mest, s.s. Youtube og ýmsar leikjasíður. Auglýsingar voru birtar í vikum 20-23 en sú fyrsta birtist í Fréttablaðinu í viku 20. Þær voru birtar undir merkjum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Nám er vinnandi vegur (sjá myndir 2-4). Auglýsingunum var fylgt úr hlaði með umfjöllun í ljósvakamiðlum þar en markmiðið var einkum að kynna fjölbreytni starfsmenntunar. (sjá viðhengi 1).




***Mynd 3 - Auglýsing á visir.is 30. maí 2013***







***Mynd 4 - Auglýsingar sem birtar voru í prentmiðlum í maí 2013***

## Samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa

Á vormisserinu var fundað var með stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) um samstarf og verkefni á haustmisseri. Samráðshópurinn var sammála um að mikilvægt væri að vera í góðu samstarfi við FNS og miðla til félagsmanna í FNS upplýsingum um starfsmenntun og gildi hennar. Í viðræðum við fulltrúa stjórnar FNS kom fram áhugi á samstarfi og vilji til að efla fræðslu um starfsmenntun til félagsmanna. Stjórn FNS samþykkti að tileinka Dag náms- og starfsráðgjafar, sem haldinn er á hverju hausti, umfjöllun um starfsmenntun og vinna í sameiningu að því að móta dagskrá dagsins haustið 2013. Í samvinnu við FNS og Tækniskólann – skóla atvinnulífsins var starfandi náms- og starfsráðgjöfum boðið í heimsókn þann 18. apríl til að kynna sér skólann. Mjög góð þátttaka var en rúmlega 30 ráðgjafar nýttu sér þetta heimboð. FNS hefur í mörg ár boðið félagsmönnum upp á fræðslufundi þar sem fagfólk heldur fyrirlestra um ýmislegt er snertir þeirra starf. Á þessu ári var ákveðið að bjóða upp á heimsóknir í fyrirtæki og hefur þessi nýjung mælst vel fyrir og er fyrirhugað að halda áfram með slíkar heimsóknir.

## Samstarf við SA og SI

Í samvinnu við SA og SI var bréf sent til aðildaraðila og óskað eftir samstarfi þeirra við skólana. Voru fyrirtæki hvött til að skrá sig á lista sem sendir voru í skólana. Skólunum og náms- og starfsráðgjöfum var kynnt tilvist þessa lista og að þeir gætu haft samband við viðkomandi fyrirtæki til að móta samstarf um starfskynningar. Frétt um þetta birtist í Morgunblaðinu og á mbl.is þann 12. júní 2013 en þá höfðu um 50 fyrirtæki skráð þátttöku sína. SA hefur tekið að sér að fylgja þessum lista eftir, efla hann og uppfæra.

Hugað var að því að vera í samstarfi við önnur álíka verkefni sem eru í gangi s.s. GERT verkefnið og verkefni á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar. Í ljós kom að gert var ráð fyrir heimsóknum á landsbyggðina í tengslum við þau verkefni haustið 2013 og óskað eftir því að KÁS verkefnið tæki þátt í því á þeim tímapunkti. Því var ákveðið að fresta fyrirhuguðum heimsóknum út á land fram á haustið.

## Kynningar

Í samráðhópnum var rætt um að kynna starfskynninguna sem haldin var í Reykjanesbæ árið 2012 á landsbyggðinni og ræða um leið hvernig kynningarmálum á námsmöguleikum væri sinnt. Ákveðið var að stefna á sex heimsóknir á landsbyggðina í maí til að þar sem m.a. yrði rætt hver staða á kynningum væri á hverjum stað fyrir sig og kynnt hvaða verkefni væri í gangi í tengslum við eflingu á starfsmenntun. Líkt og kom fram hér ofar þá var ákveðið að fresta þessum heimsóknum fram til haustins.

Í samráðshópnum kom fram vilji fyrir því að halda almenna framhaldsskólakynningu jafnvel strax vorið 2013. Eftir nokkrar umræður var niðurstaðan sú að tíminn væri of knappur auk þess sem undirbúningur undir hinar hefðbundu kynningar var langt á veg kominn. Því var ákveðið að tengja almenna framhalds-skólakynningu við Íslandsmót iðn- og verkgreina, jafnvel þótt tímasetningin væri út fyrir ramma þessa verkefnis. Fékkst leyfi fyrir það hjá bakhópnum í ráðuneytinu. Rökin fyrir því er að ekki þótti hentugt að vera með kynningu á haustmisseri þar sem hefð er fyrir því að halda slíkar kynningar á vorin þegar náms- og starfsráðgjafar eru búnir að undirbúa nemendur undir náms- og starfsval í einhvern tíma. Undanfarin ár hafa verið haldnar framhaldsskólakynningar í sjö mismunandi stöðum á Stór- Reykjavíkursvæðinu. Í samtölum við hagsmunaaðila við gerð skýrslunnar *Kynning á starfsmenntun*[1] kom fram skýr ósk um að haldin yrði ein stór kynning í ætt við Háskólakynninguna. Slík kynning er talin gefa möguleika á betri kynningu þar sem skólar geta sýnt betur hvað þeir hafa upp á að bjóða en á stuttum kynningum. Markmiðið var einnig að nýta samlegðaráhrifin þar sem nemendum í 8. – 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur og nágrennis er boðið að koma á Íslandsmótið og þeir keyrðir til og frá skóla. Segja má að með þessu skipulagi er starfsmenntun gert hátt undir höfði og sýnileiki hennar mjög mikill. Haft var samband við Verkiðn um samstarf sem tók vel í þessa hugmynd og tók verkefnisstjóri KÁS sæti í verkefnisstjórn Verkiðnar. Í maí 2013 voru send út kynningarbréf til skólameistara allra framhaldsskóla, skólastjóra sjálfstætt starfandi skóla á framhaldsskólastigi og náms- og starfsráðgjafa og skólarnir hvattir til þátttöku.

## Fjölmiðlar

Í tengslum við birtingu auglýsinga vorið 2013 var umfjöllun á ljósvakamiðlum. Verkefnisstjóri fór í viðtal í Samfélaginu í nærmynd á RÚV og ræddi þar almennt um gildi starfsmenntunar. Einnig var farið í samstarf við þáttinn Ísland í bítið á Bylgjunni þar sem viðtöl voru tekin við fulltrúa nokkurra starfsgreina auk þess að rætt var almennt við verkefnisstjóra um stöðu starfsmenntunar. Rætt var um eftirfarandi greinar: Sjúkraliðar, málmiðnir, byggingargreinar, hönnun og handverk. Rætt var við nemenda í viðkomandi grein auk fulltrúa úr atvinnulífinu (sjá viðauka 1).

[1] Elín Thorarensen, 2012

## Efling náms- og starfsráðgjafar

Mikilvægt er að efla náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf bæði í grunn- og framhaldsskólum líkt og bent hefur verið ítrekað á undanfarin ár[2]. Sérfræðingar hafa fært sannfærandi rök fyrir öflugri náms- og starfsfræðslu og meðal annars sýnt fram á að nemendur sem fengu markvissa slíka fræðslu voru líklegri til að útskrifast úr verknámi í framhaldsskóla[3]. Í nýrri skýrslu Sambands Sveitarfélaga á Höfuðborgar-svæðinu[4] kemur fram að talið er að öflug námsráðgjöf í grunnskólum geti stuðlað að því að fleiri nemendur velji sér iðn- og verknám að loknum grunnskóla.

Einnig þarf að efla þekkingu náms- og starfsráðgjafa á iðn- og verknámi líkt og ráðgjafarnir hafa sjálfir bent á [5]. Samvinna við Stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa um að kynningu fyrir félagsmenn hefur verið til fyrirmyndar . Þau verkefni sem unnin voru á síðasta ári eins og heimsókn í Tækniskólann, að tileinka Dag náms- og starfsráðgjafar iðn- og verknámi, fræðslupakki fyrir ráðgjafana og markviss aðkoma þeirra að kynningunni í Kórnum mun skila sér í aukinni þekkingu félagsmanna FNS á starfsmenntun.

Brýnt er að ráðuneyti menntamála og sveitarfélög taki höndum saman til þess að efla náms- og starfsráðgjöf þar sem bent hefur verið á að mikilvægi ráðgjafar eru ótvírætt er kemur að náms- og starfsvali . Aukin umræða um nám og störf, aukin kennsla í list- og verkgreinum, efld vitund kennara á mikilvægi þess að hver og einn nemandi fái nám við hæfi og að bóknám er ekki eina rétta leiðin eru allt þættir sem huga þarf að í starfi grunnskólanna.

---

[2] Elín Thorarensen, 2012, bls. 23.
[3] Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda. Alþingi, 2009.
[4] Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði, 2014, bls. 8.
[5] Elín Thorarensen, 2012, bls. 8.

## Verkefni haust 2013

Fundað var með bakhópi úr ráðuneyti í ágústlok og samráðshópnum í september til að uppfæra verkefni haustins. Að loknum þeim fundum leit verkefnaáætlun haustins þannig út:

| Haust 2013 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kynningarefni** | **Námskynning** | **Efling starfsmenntunar** | **Samstarf** | **Skipulag** | **Skýrslugerð** |
| **Ágúst- nóv** | **September-mars** | **Sept-nóv** | **Sept-des** | **Okt-des** | **Des** |
| Hönnun kynningarefnis í samráði við auglýsingastofu | Undirbúa náms- og starfskynningu samhliða íslandsmóti verkiðna í mars | Draga fram í umræðuna | Áframhald samstarfs við FNS, SA, GERT o.fl. | Skipuleggja áframhald verkefnis næstu 2 árin | Verkefnisstjóra ber að skila skýrslu um áramót |
| Ákveða samstarfs-aðila | | Heimsóknir á landsbyggð | Dagur námsráðgjafar o.fl. | | |
| Dreifing kynningarefnis | | | Heimsóknir á landsbyggð | | |

Á haustmisseri 2013 og fram til mars 2014 voru haldnir samtals tveir fundir með samráðshópi en upplýsingum um framkvæmd verkefnisins var miðlað reglulega með tölvupósti.  Á sama tímabili voru haldnir tveir fundir með bakhóp verkefnisins í ráðuneytinu. Haldnir voru þó nokkrir fundir með Samiðn og auglýsingastofunni Fíton/Janúar vegna undirbúnings og gerð kynningarmyndbanda. Verkefnisstjóri tók sæti í framkvæmdanefnd Verkiðnar vorið 2013 vegna samstarfs um framhaldsskólakynninguna . Á haustmisseri og fram að sýningu í Kórnum voru haldnir átta fundir með framkvæmdastjórn auk um 18 annarra funda ýmist með samstarfsaðilum eða vegna undirbúnings. Auk þess sat verkefnisstjóri nokkra fræðslufundi s.s. Menntadag SA og Menntaþing Samiðnar.

## Kynningarefni

### Fræðsluefni um nám að loknum grunnskóla

Ásthildur G. Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi var ráðin til að útbúa kynningarefni um nám að loknum grunnskóla þar sem að nokkuð var kallað eftir slíku efni. Útbúnar voru þrjár glærukynningar og þær sendar í janúar 2014 til náms- og starfsráðgjafa, grunnskóla og fræðslustjóra ásamt upplýsingum um efnið. Efnið skiptist í framhaldsskólakynningu sem er einkum hugsuð fyrir nemendur, þannig að ráðgjafar og kennarar geti nýtt hana í námsfræðslu; foreldrakynningu sem nýta má á fræðslufundum og birta á heimasíðum skóla og síðan upplýsingar um hvernig gott er að standa að því að boða foreldra á fræðslufund en skólarnir voru hvattir til að halda slíkan fund fyrir framhaldsskólakynninguna í Kórnum. Fyrstu tveir glærupakkarnir voru einnig birtir á síðu Menntagáttar .

### Kynningarmyndbönd

Á fundum með samráðsaðilum og bakhópi var ákveðið að láta útbúa myndbönd með kynningum á störfum í byggingar- og málmiðngreinum. Haft var samband við Samiðn og óskað eftir samstarfi við gerð þessa efnis. Samiðnarmenn tóku vel í það og fundað var nokkrum sinnum til að ákveða hvernig best væri að kynna þessar greinar. Að lokinni hugmyndavinnu  var niðurstaðan sú að útbúa þrjú 90 sekúnda myndbönd. Grundvallarmarkmið myndbandanna er að kveikja áhuga áhorfenda á bygginga - og málmiðnaði og námi tengdum þessum greinum.  Markmiðinu var talið best náð með því að myndböndin uppfylli tvö meginskilyrði: Að fræða og að selja. Almenn myndbönd, sem snerta á fjölbreyttum flötum, starfsvettvangi og viðmælendum í hinum ýmsu störfum og greinum, voru talin besta nálgunin. Einnig var álitið að þessi almenna nálgun geri það að verkum að myndböndin nýtast hvar sem er á vefnum og eru alltaf aðgengileg óháð sértækum greinum. Þetta þýðir einnig að myndböndin má birta á hinum ýmsu miðlum, t.d. Facebook, án þess að þau þurfi að ríma við neitt sértækt. Sömuleiðis er auðvelt að sýna myndböndin á kynningum, t.d. í skólum, óháð öðru efni. Stefnt er að því að myndböndin verði tilbúin til dreifingar í lok mars 2014. Þemu myndbandanna þriggja eru: Að byggja, að smíða og að framleiða.

N*ánari útlisting er eftirfarandi:*

**Að byggja:**




Eins og nafnið bendir til leggur þetta myndband áherslu á byggingariðnað.  Sýndur er fjölbreyttur og margvíslegur starfsvettvangur þeirra sem að reisa t.a.m. hús. Rætt er verkstjóra, pípara, múrara, og sem flesta af þeim sem koma að vinnu af þessu tagi. Einnig er fræðsla um þá menntun og þjálfun sem til þarf.

**Að smíða:**

Þetta myndband leggur áherslu á smíði af ýmsu tagi. Myndbandið vekur athygli á að smíði fer fram á fjölbreyttum vettvangi  og unnið er með hin ýmsu efni. Rætt er við fólk sem er að smíða bæði í málm- og byggingariðnaði auk þess sem það er sýnt að störfum. Sem fyrr er lögð áhersla á sköpun. Sýnt er hvernig hinir ýmsu hlutir og vörur verða til, frá upphafi til fullunnar vöru. Einnig er fræðsla um þá menntun og þjálfun sem til þarf.

**Að framleiða:**
Þetta myndband tekur fyrir umhverfi og vinnu sem fólk tengir almennt ef til vill ekki við þegar það heyrir talað um bygginga- og málmiðnað. Lögð er áhersla á spennandi og eilítið óhefðbundin störf í samhengi við hefðbundnari störf sem hin myndböndin tvö gera góð skil. Sem fyrr sjáum við og ræðum við fólk, og leggjum áherslu á sköpun. Einnig er fræðsla um þá menntun og þjálfun sem til þarf.

Fundað var með fulltrúum Iðunnar – fræðsluseturs til að skoða hvar best væri að vista kynningar-myndböndin. Kom fram sú hugmynd að hafa sérstakt lén, www.namog storf.is, þar sem vista mætti þetta efni auk þess að safna þangað inn því kynningarefni sem er nú þegar til og verður vonandi til í náinni framtíð. Í umræðum við hagsmunaaðila kom ítrekað fram að það vantar tilfinnanlega heimasíðu með upplýsingum um nám og störf þar sem allir þeir sem eru að velta fyrir sér náms- og starfsvali geti fengið haldgóðar upplýsingar um námsframboð og áhugaverð störf.

## Samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa

1. nóvember 2013 var dagur Náms- og starfsráðgjafa haldinn undir heitinu *„Að efla huga og hönd“.* Fundað var nokkrum sinnum með fræðslunefnd Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) á undirbúnings-tímanum. Kynnt var fyrir fræðslunefndinni drög að dagskrá sem þrír úr samráðshópi KÁS útbjuggu. Dagskráin tók nokkrum breytingum en endanlega dagskrá má sjá í viðauka 2.

Rúmlega 100 náms- og starfsráðgjafar skráðu sig, sem er met þátttaka, og tókst dagurinn í alla staði mjög vel. Þátttakendur töluðu um að þeir hafi fengið nýja sýn á starfsmenntun eftir daginn. Ekki síst var ánægja með þátttöku í smiðjum í Iðnskólanum í Hafnarfirði en þar fengu ráðgjafarnir að prófa tvær mismunandi smiðjur, tuttugu mínútur hvor, undir handleiðslu kennara. KÁS verkefnið styrkti FNS og Iðnskólann vegna þessa dags.

## Samstarf við SA og SI

SA hélt áfram að kynna fyrirtækjalistana og bréf var sent til náms- og starfsráðgjafa, fræðslustjóra og skólastjóra grunnskóla um þetta verkefni. Ljóst er að e-r byrjunarörðugleikar eru á þessu og mjög misjöfn dreifing er eftir landshlutum. SA hefur hug á að kynna þetta verkefni betur meðal sinna samstarfsaðila og halda áfram að safna á listann. Einnig mun listinn tengjast GERT verkefninu á þann veg að þar er verið að vinna að því að þróa nokkur samstarfsverkefni milli skóla og fyrirtækja sem síðan verða kynnt fyrirtækjum markvisst.

Þar sem breytingar höfðu orðið á áherslum hjá verkefnisstjóra GERT verkefnisins og Nýsköpunarmiðstöð fékk ekki styrk í sitt verkefni þá breyttust forsendur varðandi heimsóknir á landsbyggðina. Skipulagðir voru sjö fundir á landsbyggðina þar sem áhersla var á að kynna KÁS verkefnið auk þess að kynna og dreifa gögnum um starfskynningu sem haldinn var í Reykjanesbæ og ræða við heimamenn um stöðu kynningarmála á breiðum grundvelli. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá SI fór ásamt verkefnisstjóra KÁS á alla fundina og kynnti þau verkefni sem SI vinnur að í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla. Fundirnir voru mis fjölmennir en heppnuðust vel og voru fundarmenn ánægðir með heimsóknina, upplýsingarnar og umræðuna. Farið var í heimsókn á eftirfarandi staði: Árborg, Egilsstaði, Reyðarfjörð, Sauðárkrók, Ísafjörð og Akranes þar sem haldinn var sameiginlegur fundur fyrir Akranes og Borgarbyggð. Fundargerðir frá fundunum eru í viðauka 3.

## Framhaldsskólakynning



Haldin var fyrsta sameinaða kynningin á námi á framhaldsskólastigi fyrir höfuðborgarsvæðið í mars 2014. Kynningin var haldin í samstarfi við verkefnisstjórn Verkiðnar sem sér um að halda Íslandsmót iðn- og verkgreina. Þessi sameiginlega sýning var haldin í Kórnum dagana 6.-8. mars 2014. Átján framhaldsskólar skráðu sig til leiks auk sjö fræðsluaðila á framhaldsskólastigi. Auk þess tóku þátt Námsmatsstofnun, Iðnú, Erasmus+ og Félag náms- og starfsráðgjafa. Framhaldsskólakynningin fór fram á um 1000 fermetrum í Kórnum. Á Íslandsmótinu kepptu 180 framhaldsskólanemendur í 24 greinum.



Dagana 6. og 7. mars voru um 7000 grunnskólanemendur sóttir með rútum úr öllum grunnskólum höfuðborgarsvæðisins auk skóla í Reykjanesbæ, Árborg og víðar. Samfés var með árlegt mót sitt í Reykjavík þessa helgi og voru þeir nemendur keyrðir á kynninguna á laugardeginum. Í rútunum var bæklingi með korti af svæðinu og ratleik dreift til nemenda. Þeir fengu síðan að ganga frjálst í gegnum svæðið og fengu til þess tvo klukkutíma. Á Íslandsmótinu fengu nemendur að prófa ýmislegt við hvern keppnisbás s.s. að búa til marsipanblóm, smíða bát, flísaleggja, mála, fá handanudd og flétta hár. Á framhaldsskólasvæðinu var einnig boðið upp á að prufa ýmislegt, s.s. flughermi, róbóta, sáningu og boðið var upp á að smakka mat. Foreldrum gafst einnig tækifæri á að koma með börnum sínum á kynninguna seinni part dags og á laugardeginum. Viðburðurinn var kynntur og auglýstur í ýmsum fjölmiðlum fyrir alla þá sem hefðu áhuga á að kynna sér nám á þessu skólastigi.

Gefinn var út átta síðna fréttakálfur sem dreift var með Fréttablaðinu þann 4. mars. Sýningin var auglýst í fjölmiðlum, mest á netmiðlunum mbl.is og visir.is. Verkefnisstjórar fóru í fjögur útvarpsviðtöl á þremur útvarpsstöðvum og það birtust fréttir í aðalfréttatíma beggja sjónvarpsstöðvanna. Dagblöðin gerðu viðburðinum líka nokkuð góð skil sem og netmiðlarnir. Fréttatilkynning var birt á heimasíðu flestra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og eins komu fréttir og birtar voru auglýsingar í nokkrum bæjarblöðum (sjá viðauka 1). Á fésbókarsíðu Verkiðnar má einnig sjá umfjöllun og myndir frá kynningunni.




Gott samstarf var við stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS)sem tók að sér að hvetja ráðgjafana til að undirbúa nemendur undir heimsóknina sem og foreldra þeirra, með efni sem útbúið var fyrir þá líkt og áður hefur komið fram. FNS var með þrjá bása á svæðinu þar sem þeir kynntu starf sitt og svöruðu spurningum frá nemendum og öðrum gestum. Básarnir voru mannaðir með starfandi náms- og starfsráðgjöfum og nemendum á fyrsta ári í náms- og starfsráðgjöf við HÍ. Þriggja manna undirbúningshópur stjórnar FNS útbjó ratleik sem nemendur fengu afhentan í rútunum. Sjá einnig umfjöllun á heimasíðu FNS og Fésbókarsíðu FNS. Verðlaun voru í boði fyrir þátttöku í ratleiknum og voru verðlaunin fengin gefins frá margvíslegum styrktaraðilum. Einnig voru ráðgjafarnir hvattir til að vinna markvisst með nemendum eftir á t.d. með því að hvetja þá til að taka þátt í verkefnakeppni sem boðið var upp á af Verkiðn og eru verðlaun í boði fyrir fimm bestu verkefnin (sjá viðauka 4). Þessi verðlaun voru einnig fengin frá styrktaraðilum og SI sem gaf bókaverðlaun.




Margir voru mjög ánægðir með kynninguna og töldu að vel hefði til tekist. Um var að ræða mjög stóra framkvæmd og það er alltaf eitthvað sem hefði mátt betur fara en í heildina gekk þetta ótrúlega vel. Nokkrir grunnskólaráðgjafar töldu að það hefði verið nægjanlegt að leyfa þeim að vera einn og hálfan tíma á svæðinu, þeir nefndu að mörg hver hefðu verið orðin leið í lokin. Aðrir bentu á að í stórum nemendahópi væru alltaf nemendur sem hefðu ekki úthald í svona lagað og að margir hefðu nýtt tímann vel til að skoða og upplifa margvíslegt skemmtilegt. Stærð svæðisins gerði það að verkum að það varð ekki neinn troðningur á ákveðnum svæðum heldur dreifðist fjöldinn vel en að jafnaði voru um 1200 grunnskólanemendur í húsinu á tímabilinu frá kl. 9-14 á fimmtudeginum og föstudeginum og mestur fjöldi var um 1400. Nemendur á Samfésmótinu komu fyrripartinn á laugardeginum en það hefði mátt vera meiri aðsókn almennings eftir hádegi. Námsráðgjafar grunnskólanna voru hvattir til að senda póst á foreldra og benda þeim á að mæta á laugardeginum með nemendum og yngri börnum. Þó nokkuð var um að heilu fjölskyldurnar mættu og mátti sjá gesti á margvíslegum aldri prófa hæfni sína á prufusvæðunum á laugardeginum.

## Spurningakannanir að lokinni kynningu

### Framhaldsskóli

Að lokinni kynningu í Kórnum var send út spurningakönnun með nokkrum spurningum til tengiliða í framhaldsskólunum auk náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna. Alls fengu 60 manns spurningalistann og var svarhlutfall 67%. Helstu niðurstöður eru þær að 81% fannst tímasetningin í byrjun mars mjög góð eða góð, 3% fannst hún slæm. 93% þátttakenda telja það koma mjög vel eða vel út að vera með kynninguna samhliða Íslandsmótinu og 7% svara að þeir séu hlutlausir og því er enginn sem er því mótfallinn. Hvað varðar fjölda daga sem kynningin stóð yfir telja 45% að þeir hafi verið of margir en 55%

segja að þessir þrír dagar hafi verið mátuleg lengd á kynningunni. Mikill meirihluti var þó á því að opnunartími þessa þrjá daga hafi verið of langur. 55% segja fimmtudaginn hafa verið of langan en 45%



að hann hafi verið mátulegur. 68% telja föstudagsopnunina hafa verið of langa en 32% mátulega. 76% fannst laugardagsopnunin of löng, 21% mátuleg og 3% of stutt. Í athugasemdum er bent á að opna hefði mátt seinna á laugardeginum og hafa opið t.d. til kl. 16.

Spurt var um hvernig þátttakendur vilja sjá fyrirkomulag kynninga á næstu árum. Fram kemur að 38% þátttakenda vilja að framhaldsskólakynning verði haldin samhliða Íslandsmótinu annað hvert ár og hverfakynning hitt árið. Rétt rúmur meirihluti eða 54% vill að þessi háttur verði hafður á annað hvert ár og sameiginleg framhaldsskólakynning hitt árið. Þá vilja 8% þátttakenda fara aftur í að vera með árlegar hverfakynningar en enginn vill vera með árlegar sameiginlegar framhaldsskólakynningar. Þegar spurt var um æskilega lengd á sameiginlegri framhaldsskólakynningu sögðust 23% telja 1 dag henta, 64% nefndu 2 daga og 13% 3 daga. Varðandi það hvernig best er að ná til nemenda og foreldra þeirra þá telja 71% best að gera það með því að sækja þá líkt og gert var nú en 29% vilja hafa kynninguna um helgi og hvetja nemendur og foreldra til að mæta sjálfir. Að lokum var spurt um mikilvægi þess að ná til annarra markhópa með auglýsingum og töldu 72% það mikilvægt en 28% töldu ekki vera þörf á því.

Í athugasemdum komu fram ólík sjónarmið og upplifun á þátttöku foreldra. Sumir telja mjög gott að sækja nemendur líkt og nú var gert meðan aðrir benda á að of fáir foreldrar hafi mætt. Nokkrir nefndu að nemendur hefðu ekki verið nægjanlega undirbúnir og tregir til að spyrja fyrir framan vinina. Þó fréttist af nokkrum nemendum sem komu aftur og þá með foreldrum sínum til að sýna þeim og spyrja nánar, þannig nýta áhugasamir nemendur sér kynninguna sem best. Ein leið er að hafa þennan háttinn á það árið sem Íslandsmótið er en láta nemendur mæta með foreldrum annað hvert ár. Benda má að hverfakynningar voru haldnar seinni part dags og nemendur mættu þangað með foreldrum.



## Grunnskóli

Nokkrar spurningar um framkvæmd kynningarinnar en þó aðallega næstu skref voru sendar til 50 tengiliða úr grunnskólunum. Könnuninni svöruðu 38 eða 76%. Allir sem svöruðu voru ánægðir með samstarfið við Íslandsmótið en 62% fannst það koma mjög vel út, 35% vel og 3% hlutlaus. Spurt var um hvernig viðkomandi vilja sjá fyrirkomulag framhaldsskólakynninga á næstu árum og vilja 50% að slík kynning verði haldin annan hvert ár og samhliða Íslandsmótinu hitt árið. 37% vilja hverfakynningar annað hvert ár á móti skólakynningu með Íslandsmóti . 10% vilja árlega framhaldsskólakynningu án samvinnu við Íslandsmótið og 3% vill fara aftur í að vera einungis með sameiginlegar hverfakynningar. Flestir eða 66% svarenda telja að heppileg lengd á framhaldsskólakynningu sé 2 dagar, 11% nefna 3

daga, 15% 1 dag og 8% ½ dag. Spurningunni um hvernig best er að ná til grunnskólanemenda og foreldra þeirra svöruðu 78% á þá leið að það sé gert með því að sækja nemendur með rútum líkt og gert var nú en 22% telja best að hafa kynninguna um helgi og beina því til nemenda og foreldra að mæta sjálf. Í athugasemdum við spurningunni kemur fram að fólk saknar þess að foreldrarnir mættu ekki nógu vel í Kórinn, því telja sumir að hverfakynningar henti betur því þannig náist betur í foreldra. Aðrir benda á að mikilvægt er að skólarnir kynni  þetta mj0g vel fyrir foreldrum og hvetji þá til að mæta t.d. á laugardegi. Einnig kemur sú hugmynd fram að bjóða bara upp á rútuferðir fyrir 10. bekkinga.

Nær allir telja að kynningin hafi nýst nemendum vel, 41% meta það svo að hún hafi nýst þeim mjög vel, 54% vel en 5% er óviss. Enginn telur að kynningin hafi ekki nýst þeim illa eða mjög illa. Mikill meirihluti svarenda eða 81% telur mikilvægt að ná til annarra markhópa með auglýsingum í fjölmiðlum meðan 19% tekur það ekki mikilvægt.

Í janúar 2014 var sent til náms- og starfsráðgjafa og allra grunnskóla kynningarefni um nám að loknum grunnskóla. Bæði var um að ræða fræðsluefni fyrir nemendur og foreldra. Spurt var hvort viðkomandi hefðu nýtt sér efni og er ánægjulegt að sjá að mjög margir játa því. 56% segjast hafa notað bæði nemenda og foreldrapakkana. 22% notaði einungis nemendahlutann, 8% notaði aðeins foreldrapakkann, 8% settu kynningarefnið á heimasíðu skólans og 16% segjast ekkert hafa nýtt sér efnið að neinu leyti. Einhverjir svarendur eru ekki námsráðgjafar og komu fram athugasemdir um að slík fræðsla væri því ekki að könnu viðkomandi.  Mögulegt var að svara fleiri en einum svarmöguleika í þessari spurningu.

Gefinn var kostur á að koma með almennar athugasemdir og þar kom ítrekað fram að 2 tímar á staðnum hefði verið helst til langur tími, 1½ klukkustund hefði að margra mati verið nægjanlegur tími. Almenn ánægja virðist samt ríkja með kynninguna í ár og telur fólk hana hafa verið fróðlega, skemmtilega og vel skipulagða. Einn nefnir að ratleikurinn hafi verið helst til of flókinn og það er sennilega rétt þar sem mjög fáir skiluðu honum inn eða aðeins 77 nemendur. Nokkrir nefna ánægju með að 8. bekk hafi verið boðið líka einkum þar sem skoðanir þeirra á framhaldsnámi eru ekki eins litaðar af því hvað félagarnir ætla að gera líkt og hjá eldri nemendum.



## Helstu niðurstöður

Þegar horft er til beggja svarhópa sést að nær allir þátttakendur segja að þeim hafi fundist það koma vel út að hafa Íslandsmótið og framhaldsskólakynninguna sameiginlegan viðburð. 95% telja það hafa komið mjög vel eða vel út og 5% eru hlutlausir. Þetta eru mjög sterk skilaboð um að halda eigi áfram á þessari braut og þróa enn frekar þetta samstarf.

Líkt og mynd 1 hér fyrir neðan sýnir þá eru skoðanir á því hvernig fólk vill sjá þróunina það ár sem ekki er haldið Íslandsmót iðn- og verkgreina nokkuð skiptar. Rétt rúmur meirihluti svarenda eða 52% er fylgjandi því að hafa  sameiginlega framhaldsskólakynningu. Þó nokkuð margir eru fylgjandi því að hafa hverfakynningar annað hvert ár eða 37% þegar horft er til beggja svarhópanna. Mjög fáir vilja fara aftur í að vera með árlegar hverfakynningar eða 7%. Nokkrir úr grunnskólunum vilja hafa árlegar framhalds-skólakynningar án samvinnu við Íslandsmótið en enginn úr framhaldsskólunum er á þeirri línu.




**Mynd 1 - Hvernig myndir þú vilja sjá fyrirkomulag framhaldsskólakynninga á næstu árum?**

Mikill meirihluti allra svarenda telur að best sé að ná til nemenda með því að sækja þá eða 74% á meðan 26% telja betra að þeir komi sjálfir eða með foreldrum. Þó má sjá í mörgum athugasemdum að það vefst fyrir fólki hvernig ná eigi foreldrum inn á kynningar með slíku fyrirkomulagi. Mikilvægt er að ná einnig til foreldra og því þarf að skoða það vel ef framhaldsskólakynningin verður þróuð áfram hvernig fá má foreldra til að mæta. Einnig er ljóst að kostnaður við að sækja nemendur með rútum er umtalsverður og þarf því að vega og meta hvort slíkt fyrirkomulag er nauðsynlegt á hverju ári.

## Efling starfsmenntunar

Umræða um starfsmenntun er af hinu góða en þarf að sama skapi að vera jákvæð og raunsæ. Fundir á landsbyggðinni voru liður í því að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og ræða hvernig það nám er kynnt á mismunandi svæðum. Sjá nánari umfjöllun um fundina í kafla um samstarf við SA og SI og fundargerðir fundanna í viðauka 3.

Háskólinn í Reykjavík, Samtök Iðnaðarins og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa fyrir framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Markmiðið með keppninni, sem fengið hefur nafnið BOXIÐ, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði. Ákveðið var að leggja fram fé til þess að gerður yrði sjónvarpsþáttur um keppnina. Keppnina var haldin í HR 9. nóvember 2013 og sýnd á RÚV nokkru seinna. Mikilvægt er að koma efni sem þessu á framfæri í fjölmiðlum og var það talið samræmast markmiðum KÁS verkefnisins að stuðla að þessari þáttargerð í kynningarskyni.




Framhaldsskólakynningin og Íslandsmót iðn- og verkgreina og sú fjölmiðlaumfjöllun sem sýningin fékk er góð leið til að skapa jákvæða umræðu um starfsmenntun og vekja athygli á fjölbreyttum námsmöguleikum. Öll tækifæri sem gefast til að skapa umræðu um starfsmenntun og náms- og starfsval almennt bæði í skólum og úti í samfélaginu er af hinu góða. Áfram var unnið markvisst að því að koma því á framfæri við fjölmiðla að nálgun fullorðinna skiptir máli og að betur fer á því að spyrja nemendur að því hvaða nám þær ætla að velja heldur en í hvaða skóla þeir ætla að sækja um.



Þar sem enn var til fjármagn var ákveðið að endurnýta auglýsingar sem hannaðar voru síðastliðið vor og birta þær aftur í kringum inntöku í framhaldsskóla vorið 2014. Markmið auglýsinganna er að minna á starfsmenntun, fjölbreytni hennar og þau tækifæri sem slík menntun gefur. Auglýsingarnar verða eingöngu birtar á netmiðlum og í bíóhúsum. Markhópurinn er ungt fólk og foreldrar þeirra.

## Næstu skref

Samráðshópur fundaði í mars 2014 og var samhljóma álit fundarmanna að mikilvægt væri að halda áfram með verkefnið. Bent hefur verið að kosti þess að utanumhald sé á einum stað og yfirlit yfir þau verkefni sem unnið er til eflingar starfsmenntunar. Verkefnum var raðað upp í eftirfarandi mikilvægisröð:

- **Framhaldsskólakynning.** Haldin verði sameiginleg framhaldsskólakynning vorið 2015 og síðan annað hvert ár. Hitt árið verði framhaldsskólakynning haldin í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina líkt og nú var gert. Leggja þarf áherslu á að kynna nám og störf. Huga þarf að svæðisbundnum kynningum, styðja við þær og efla.
- **Kynningarmyndbönd.** Haldið verði áfram með að útbúa kynningarefni og fylgja því eftir þannig að það verði aðgengilegt og vel nýtt.
- **Auglýsingar** á starfsmenntun í tengslum við innritun í framhaldsskóla. Auglýsinga-kostnað þarf samt að lágmarka þar sem erfitt að meta áhrifin. Stefna beri á að vera með auglýsingar sem lifa á samfélagsmiðlum og höfða bæði til nemenda og foreldra.

### Framhaldsskólakynningar

Samráðshópurinn leggur sem sagt til að sameiginleg framhaldsskóla-kynning verði þróuð áfram og haldin árlega en annað hvert ár í samvinnu við Íslandsmót iðn- og verkgreina. Í ljósi þess að það er einnig stór hópur sem kýs að hafa hverfakynningu annað hvert ár og ástæðan er sennilega ótti að ná ekki til foreldra á svona almennum kynningum þarf að skoða vel hvaða leið verður farin. Ef almenn kynning verður fyrir valinu þarf að huga vel að því hvernig næst til foreldra. Ein leiðin er að sækja ekki nemendur með rútum, það verði aðeins gert annað hvert ár samhliða Íslandsmótinu. Hættan er þá reyndar sú að það árið fái einhver fjöldi nemenda ekki kynningu þar sem vitað er að aðsókn yrði aldrei 100%. Það hefur væntanlega líka verið raunin með hverfakynningarnar. Mikil ánægja er með að tengja þetta tvennt saman annað hvert ár og hafa komið upp ábendingar um að ná til yngri nemenda og t.d. bjóða 7. og 8. bekk sér með áherslu á Íslandsmótið og hafa framhaldsskólakynningu aðeins í gangi þá daga sem 9. og 10. bekk væri boðið. Ljóst er að útfærslurnar eru margar og skoða þarf vel hvernig best er að þróa þetta samstarf þannig að það nýtist sem best sem fræðsla fyrir nemendur og aðra áhugasama.



Hvað varðar kynninguna samhliða Íslandsmótinu þarf að ákvarða hverjir markhóparnir eru. Meta þarf hvort vilji er til þess að allir framhaldsskólarnir þátt og ef svo er þá þarf að útfæra það þannig að það verði framkvæmanlegt. Einnig þarf að ákveða á hvaða aldri nemendur sem boðið er eiga að vera og af hvaða landsvæðum. Reynslan í ár sýnir að landsbyggðin hefur mikinn áhuga á að geta sent nemendur sína á slíkan viðburð.

**Ef vilji er til þess innan ráðuneytisins að styrkja sameiginlega framhaldsskólakynningu næsta vor þá þarf að byrja að undirbúa hana ekki seinna en í maí 2014.**
***Huga þarf m.a. að eftirfarandi atriðum:***

- Skipa framkvæmdanefnd sem sér um að skipuleggja kynninguna. Fulltrúar væru t.d. frá ráðuneytinu, stjórn FNS, grunnskólunum og framhaldsskólunum. Verkefnastjóri KÁS myndi stýra starfinu. Spurning er hvort greiða þurfi nefndarmönnum fyrir vinnuna
- Vorið 2014 þarf að hafa samband við framhaldsskóla um þátttöku sem og grunnskóla
- Velja tímasetningu og staðsetningu. Panta húsnæði. Ákveða í hve marga daga kynningin á að standa yfir.
- Ákveða umfang, t.d. á þetta eingöngu að vera skólakynning eða á að bjóða atvinnulífinu á að kynna margvísleg störf samhliða?
- Ákveða fyrirkomulag, á að sækja nemendur eða láta þá koma með foreldrum? Hvaða árgöngum á að beina kynningunni að? Fyrirkomulagið hefur áhrif á lengd kynningar og kostnað við hana
- Á að uppfæra fræðsluefni fyrir náms- og starfsráðgjafa?
- Gera kostnaðaráætlun

## Kynningarmyndbönd

Fylgja þarf eftir þeim myndböndum sem gerð hafa verið þannig að þau komist í almenna dreifingu innan skólanna og á samfélagsmiðlum. Fylgjast þarf með þróun á sameiginlegri upplýsingasíðu um nám og störf sem verið er að vinna að. Meta þarf hvaða starfsvettvangi á að gera skil næst með myndböndum og koma á samstarfi við viðkomandi fagfélag/fagfélög. Gera þarf samning við auglýsingastofu um gerð myndbandanna.

## Auglýsingar

Skoða þarf nýjar hugmyndir sem komið hafa fram um öðruvísi nálgun í auglýsingum. Er hugsunin sú að reyna enn betur að vekja athygli á starfsmenntun hjá ungu fólki í gegnum samfélagsmiðla og á vinsælum netsíðum sem eru sterkustu miðlarnir fyrir þennan hóp með sniðugum myndasögum. Markmiðið er að ná athygli þeirra og fá þau til að deila efninu og kynna sér málið frekar. Slíkt auglýsingaefni á líka að höfða til foreldrahópsins.

## Annað

Mælt er með að smærri verkefni líkt og samstarf við margvíslega hagsmunaaðila verði haldið áfram enda fylgir því ekki mikill kostnaður.



## Lokaorð

KÁS verkefnið hefur nú staðið yfir í rétt rúmt ár. Hver áhrifin eru er erfitt að segja til um á þessu stigi. Líkt og oft hefur verið bent á það er það langtímaverkefni að breyta rótgrónum viðhorfum samfélagsins til verk- og iðnnáms. Mikilvægt er því að halda áfram með kynningar og fylgjast marvisst með inntöku í nám á framhaldsskólastigi.

Líkt og kom fram í undirbúningsskýrslu[6] fyrir þetta verkefni þá mun kynningarátak eitt og sér ekki umbylta ástandinu og auka aðsókn til muna að starfsmenntun. Til að breyta ríkjandi viðhorfum til bóknáms og starfsmenntunar þar að lagfæra ýmislegt í skólakerfinu. Hér eru tiltekin nokkur atriði sem vinna þarf markvisst að sem fyrst innan veggja ráðuneytisins :

- Efla þarf náms- og starfsfræðslu á öllum skólastigum
- Aðgengi að æðri menntun að lokinni starfsmenntun þarf að vera tryggð. Það er best gert með því að nemendur fái stúdentsprófsgráðu samhliða námi í iðn-, verk- og listnámi.
- Efla þarf vinnustaðanám og tryggja nemendum sem hefja nám pláss á vinnustað þannig að bóknám og verknám verði ein samfella og að nemandi verði skráður í skóla allan námstímann.
- Huga þarf að áhrifum styttingar námstíma á starfsmenntun
- Greina þarf ástæður mikils brotthvarfs í iðn- og verknámi og bregðast við þeim.



[6] Elín Thorarensen, 2012

# Heimildaskrá

Elín Thorarensen. 2012. Kynning á starfsmenntun. Óútgefin skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði. Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun verkefnisstjórnar. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, mars 2014. Sótt. 18.3 á: http://www.ssh.is/skolar-i-fremstu-rod-2

Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda. *Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009. Sótt 12.12.2012 á: http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0353.pdf*

# Viðaukar






FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA


Tækniskólinn
Tækniskólinn

# Fjölmiðlaumfjöllun
## Maí 2013

**RÚV – Rás 1 Almenn umfjöllun um KÁS verkefnið og starfsmenntun**
Í Samfélagið í nærmynd – Þátturinn er ekki lengur aðgengilegur á vefnum

**Bylgjan, maí 2013**
Almenn umræða um starfsmenntun: http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=18555
Umfjöllun um sjúkraliðanám: http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=18570
Umfjöllun um málmiðnir: http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=18591
Umfjöllun um byggingagreinar: http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=18722
Umfjöllun um hönnun og handverk: http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=18765

**RÚV – Rás 1 21. maí 2013, Sjónmál**
Borgarholtsskóli – valáfangar fyrir grunnskólanemendur. Í þættinum Sjónmál. Þátturinn er ekki lengur aðgengilegur á vefnum.

## Vor 2014
**Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða**

**MBL**
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/03/04/velja_nam_en_ekki_skola/

Einnig birtist tæplega 5 mín frétt á mbl sjónvarp undir heitinu:
*Það er allt eiginlega hægt*,

**Sjónvarpsfréttir** – (er aðgengilegt í takmarkaðan tíma)

http://ruv.is/frett/grunnskolanemar-profudu-logsudu

http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV221B7F77-91F3-4DFC-AB47-49C61D3F4DD0

**Útvarpsviðtöl** – (er aðgengilegt í takmarkaðan tíma).

http://vefutvarp.visir.is/upptokur?itemid=25163

http://www.ruv.is/sarpurinn/sjonmal/06032014-1

http://ruv.is/sarpurinn/morgunglugginn/05032014/idn-og-verkgreinar-elinborg-og-thor-0

http://www.ruv.is/sarpurinn/siddegisutvarpid/05032014-0

**Viðauki 2**

# Að efla huga og hönd

## Dagur náms- og starfsráðgjafar

1. nóvember 2013

Kaplakrika - Hafnarfirði

8.30 - 9.00 Skráning og morgunverður

9.00 - 9.15 Setning og kynning á dagskrá.

- Fundarstjóri: Björg Birgisdóttir, forstöðumaður náms- og kennsluþjónustu Listaháskóla Íslands.

9.15 - 9.40 Listin eða Latínu-Grani? Hvað viltu verða?

- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

9.40 - 9.50 Markmið og fyrirkomulag framhaldsskólakynningar í mars 2014.

- Elín Thorarensen, verkefnisstjóri á skrifstofu menntamála í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

9.50 - 10.10 Verkiðn - Íslandsmót iðn- og verkgreina. Hvert er markmiðið?

- Lilja Sæmundsdóttir, verkefnastjóri í Íslandsmóti iðn- og verkgreina.

10.10 - 10.30 Kynning á Myndlistarskólanum í Reykjavík.

- Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Myndlistarskólans í Reykjavík.

10.30 - 11.00 Hver er sýn starfsmanna á iðnstörf og starfsumhverfi sitt? Könnun Iðunnar.

- Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs.

11.00 - 11.30 Umræður - Elín Thorarensen leiðir.

11.30 - 11.45 Heiðursviðurkenning FNS.

- Helga Helgadóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.

11.45 - 12.45 Hádegisverður

13.00 - 14.30 Heimsókn í Iðnskólann í Hafnarfirði. Fáum að skapa, smíða og prófa!

Hver þátttakandi fær að fara í 2 x 40 mínútna smiðjur.

14.45 - 15.15 Reynslusögur einstaklinga af verk-, list- og tæknináми eða störfum.

15.15 - 15.35 Innlegg um sýn á gildi starfsmenntunar og mikilvægi náms- og starfsfræðslu.

- Illugi Gunnarsson, Mennta- og menningarmálaráðherra.

15.40 Léttar veitingar í boði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Nám er vinnandi vegur.

**Viðauki 3**

## Fundur í Ráðhúsi Árborgar með Elínu Thorarensen, verkefnisstjóra í menntamálaráðuneytinu, o.fl. um starfsmenntun þriðjudaginn 29. október 2013.

**Mættir:**

| | | |
|---|---|---|
| Anna Gína Aagestad | Leikskólanum Álfheimum | annagina@arborg.is |
| Þorvaldur H. Gunnarsson | Vallaskóla | thorvaldur@vallaskoli.is |
| Guðbjartur Ólason | Vallaskóli | gudbjartur@vallaskoli.is |
| Guðrún Thorsteinsson | BES | gudrunt@barnaskólinn.is |
| Elísabet S. Jóh. Sörensen | BES | elisabetst@barnaskolinn.is |
| Olga Lísa Garðarsdóttir | FSU | olgalisa@fsu.is |
| Svanur Ingvarsson | FSU | svanur@fsu.is |
| Ásthildur Bjarnadóttir | Skólaþjónustu Árborgar | asthildur@arborg.is |
| Þórdís H. Ólafsdóttir | Skólaþjónustu Árborgar | thordish@arborg.is |
| Gísli Felix Bjarnason | Foreldrafél.Vallaskóla | gislifelix@vallaskoli.is |
| Birgir Edwald | Sunnulækjarskóla | birgir@sunnulaek.is |
| Jóhanna Einarsdóttir | Sunnulækjarskóla | johannae@sunnulaek.is |
| Heiður Eysteinsdóttir | Vallaskóla | heidur@vallaskóli.is |
| Þórdís Guðmundsdóttir | MRN | thordis.gudmundsdottir@mrn.is |
| Olga Sveinbjörnsdóttir | Vallaskóla | olgas@vallaskoli.is |
| Bjarney Sif Ægisdóttir | FSU | bjarney29@gmail.com |
| Álfhildur Eiríksdóttir | FSU | alfhildure@gmail.com |
| Hermann Örn Kristjánsson | Sunnulækjarskóla | hermann@sunnulaek.is |
| Linda Björk Sigurðardóttir | Foreldrafél. Sunnulækjarsk. | lifsol@hotmail.com |
| Kristín Björk Jóhannsdóttir | Sunnulækjarskóla | kristinbj@sunnulaek.is |
| Þorsteinn Hjartarson | Fræðslustjóri Árborgar | thorsteinnhj@arborg.is |
| Katrín D. Þorsteinsdóttir | SI | katrin@si.is |
| Elín Thorarensen | MRN | ljosamyri@simnet.is |
| Anna Ingadóttir | Fræðslusviði Árborgar | annai@arborg.is |

**Elín Thorarensen verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu kynnti verkefni um stöðu náms- og starfskynninga**

Elín stýrir í dag verkefni um stöðu náms- og starfskynninga listgreina o.fl. Hún kynnti helstu niðurstöður greiningarinnar, áherslur og stöðuna í dag.



















Að efla hug og hönd – starfsdagur Náms og starfsráðgjafa n.k. föstudag 1. nóvember. Ætla að tileinka þennan dag starfsnámi.

1. **Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti áherslur Samtaka iðnaðarins í tengslum við starfsmennt**







Bæklingur um verkefni ð *Verk- og tækninám nema hvað?* var sent til nemenda í 9. bekk. *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. 6. og 7 bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.










Verkefnið *Forritarar framtíðarinnar.* Hægt að sækja um í sjóð, stefnt að því að auglýsa í nóvember. Skilmálar er kennsla í tvö ár fyrir allan árganginn og tengja við námskrá. Sjóðurinn leitast við að veita styrki til verkefna sem fela í sér eftirfarandi: Tölvubúnað, þjálfun og innleiðingu forritunarkennslu fyrir einn skóla eða sveitafélag. Þjálfun og ráðgjöf við innleiðingu forritunarkennslu, spjaldtölva eða annað

sem upp kann að koma og stjórn sjóðsins þykir áríðandi. Grunnnámskeið forritunar- og tæknikennslu hjá (Skema) fyrir kennara.
Menntasmidja.hi.is heimasíða fyrir skólafólk – t.d. er hægt að skoða best practice af GERT verkefninu þar.

2. **Umræður fundarmanna hvað verið er að gera í Árborg og nýjar hugmyndir varðandi starfsmenntun.**

Framhaldsskóli barnanna var haldinn sl. sumar. Samstarfsverkefni FSU og Árborgar. Dæmi um mjög vel heppnað verkefni sem þarf að stækka og gera meira úr. 14 nemendur sem tóku þátt, 5 dagar, 3 tímar á dag. Nemendur fengu að kynnast einni grein í verknámi. Heppnaðist mjög vel. 11-12 ára krakkar. Hindrun: komið inn á sumarfrítíma starfsmanna.

Búið að blása af byggingu verknámshús FSu og það bitnar mikið á verknámi í framtíðinni og því erfitt að vera með valáfanga í samvinnu við grunnskólana þar sem aðstaða er ekki fyrir hendi.

Verkefni sem var í leikskóla í Árborg. Foreldar tóku sig saman og buðu árgangi/deild í vinnuna og kynntu starfið og vinnustaðinn. Heppnaðist mjög vel.

Fá foreldra til að koma og kynna sitt starf inn í skólum. Þarf að vanda það mjög vel svo ekki verði samkeppni um gjafir frá fyrirtækjunum. Passa að þetta verði ekki auglýsing fyrir fyrirtækið, einnig hafa háskólamenntaðir foreldrar sem hafa verið viljugri að koma og kynna sín fyrirtæki.
Hvernig er hægt að virkja foreldrahópinn betur?
Góð auðlind sem þarf að virkja betur. Foreldrar oft tilbúnir að taka þátt í kynningum.

Náms og starfsfræðsla í Vallaskóla: Hafa sent krakka í starfskynningardaga á vorin. Nú er breyting á og fara krakkarnir í starfskynningu að hausti, breytt til að geta unnið með upplifun þeirra. Tengja saman lífsleikni og náms- og starfsfræðslu – eru að keyra það í tilraunaskyni í 8-10 bekk. Núna eru 72 nemendur í árganginum í Vallaskóla og það er meira en að segja það að koma öllum út á vinnustaðina.

Foreldrar í Vallaskóla vilja fá kynningu á framboði á námi barna sinna áður en grunnskóla lýkur. Grunnskólar í Reykjavík hafa verið með sameiginlega kynningu á námi að loknum grunnskóla, ekki kynningu á skólum heldur námi. Foreldrar í Árborg kalla eftir samskonar kynningu. Þarf að gerast fyrir jól. Krakkarnir gera skýrslu af heimsóknum og kynna fyrir bekkjarfélögum. Finnst það ganga betur að fá fyrirtæki til samstarfs að hausti til. Nú hafa komið óskir frá fyrirtækjum að fá nemendur í einn heilan dag í stað stuttan tíma í tvo daga. En taka annan dag í að fá fyrirtæki í heimsókn í skólann til að kynna sig. – var gert í Reykjanesbæ

Þörf á kynningu fyrir foreldra – námsráðgjafar í grunnskólum séu í meiri tenglsum við foreldra um hvað er í boði.

Í Sunnlækjarskóla var það í sett í hendurnar á nemendum að finna fyrirtæki til að heimsækja. Erfitt reynist að komast inn í yngsta og miðstig að kynna starfsnám.

Kynnt var verkefni meðal fatlaðra nemenda í Borgarholtsskóla í Reykjavík. Þar sem starfsnám var hluti af náminu, í samstarfi við fyrirtæki. Skólinn var í samstarfi við Kirkjugarðana í Reykjavík. Kirkjugarðarnir þurftu ekki að leggja til aukastarfsmann. Kennarinn hélt utan um hópinn og fór með nemendur á vettvang.

Upp kom hugmynd um að huga að litlum verkefnum í samstarfi við fyrirtæki.  T.d. að fara í fyrirtæki og sækja um starf, án þess að verið væri að ráða. Hvernig talað er  á vinnustöðum, í kaffitímum. En hafa þarf í huga að ekki er nóg að mennta nemendur það þarf líka að mennta fyrirtækin í svona verkefnum.  Í lífsleikni í Vallaskóla hefur verið farið í að kenna að lesa launaseðilinn,og að sækja um starf.

SI hafa hugleitt hvernig þau geta styrkt fyrirtæki til að taka á móti nemendum í starfskynningar.
Þörf á að bæjaryfirvöld/bæjarstjóri fái fyrirtæki í sveitarfélaginu í aukið samstarf um starfskynningar sem sem með formlegu erindi í bréfi.

Vantar vitunarvakninu meðal kennara að þetta er líka þeirra hlutverk að kynna starfskynningu.
Vantar upplýsingasíðu fyrir það sem er í boði. Þarf að efla starfsnámið meira í kennaranáminu.

Umræða um að breyta þurfi áherslum í kennaranámi, það hefur orðið mikil samfélagsbreyting og kennarar fylgja ekki með hvar er hægt að leita að upplýsingum og hvað er í boði.

Umræða um mikilvægi grunnskólanna  í að kynna fyrir nemendum fjölbreytnina, hvernig staðið er að verk- og listgreinum í grunnskólum. Þarf að gera verknámið fjölbreytilegra innan grunnskólanna. T.d. er mest áherslan á smíði og handavinna/myndmennt. En þarf að víkka út, t.d. í rafmagni, málmgreinum o.fl.

Hugmynd um að virkja  vinnuskólann í þetta verkefni. Eru nú þegar með í boði  námskeið í réttindum á skyldum á vinnumarkaði.

Starfsréttindabrautir í framhaldsskólum, nám sem hægt er að bæta við. Fara í þessa átt með fleiri möguleika. Teikna upp fyrir nemendur, að hægt sé að halda áfram á sömu braut.

Lögð áhersla á það í framhaldsskólum að allt nám sé gott. Mikill áhugi á að gera styttri starfsbrautir en atvinnulífið hefur ekki metið þetta nám til launa. Hefur drepið niður þessar brautir. Atvinnulífið þarf að horfa betur á hvernig hægt er að nýta þetta.  Ekki hvatning til að læra þarf sem launin hækka ekki.

Miklir möguleikar á samstarfi milli skólastiga og við stofnanir í samfélaginu. Verkefnið Gullin í grenndinni tekið sem gott dæmi Anna Gína kynnti verkefnið í stuttu máli. Tengja saman leikskóla og grunnskóla. Vinna náttúrutengd verkefni.  Foreldrar og vinnustaðir eru mjög jákvæðir  að taka þátt í þessu verkefni. Sjá heimasíðu verkefnisins: http://gullin.arborg.is/ . Afurðin verður m.a. upplýsingavefur fyrir bæjarbúa og fyrir þá sem hafa áhuga á bænum sínum. Upplýsingar sem krakkar á ýmsum aldri hafa safnað saman.

FSu hefur verið með háskólakynningu fyrir nemendur á öllum aldri, ekki bara útskriftarnemendur.
Fræðslan þarf að byrja snemma, mjög mikilvægt.

Kom fram í rýnihópum hjá Elínu að fræðslan ætti að byrja í 8. bekk til að þau geti tekið valáfanga í 9. og 10. bekk  út frá því hvað þeir ætla að læra. Tala meira um nám og störf eftir að grunnskóla lýkur frekar en skóla.

Kom fram að foreldrar hafi áhyggjur af því að samræmdu prófin taki of mikinn tíma, þ.e. undirbúningur og að það komi niður á starfsnámi og tíma. Passa að prófin séu ekki að stýra skólatímanum.   Umræða um samræmdu prófin og hvað þau fái mikla athygli í fjölmiðlum, sveitarfélög þurfa að svara þeim.

Íþróttafélög hafa verið að bjóða upp á þjálfaraþjálfun, krakkar sem hafa verið í viðkomandi íþróttum.
Ákveðið starfsnám.

Fundi slitið kl. 15:55.

# Samráðsfundur um kynningu á starfsnámi haldinn á Egilsstöðum 31. október 2013 kl. 9:30

**Þátttakendur:**

| | | |
|---|---|---|
| Ingibjörg Jóhanna Jónsdóttir | ME | ingahanna@me.is |
| Halldóra Tómasdóttir | Fulltrúi foreldra | ht@me.is |
| Elín Rán Björnsdóttir | Hallormsstaðaskóli | elin@egilsstadir.is |
| Ásta María Hjaltadóttir | Fellaskóli | asta@fell.is |
| Sverrir Gestsson | Fellaskóli | sverrir@fell.is |
| Stefanía Malen S. | Brúarárskóli | stefaniam@egilsstadir.is |
| Sigurlaug Jónasdóttir | Egilsstaðaskóli | sigurlaug@egilsstadir.is |
| Anna María Arnfinnsdóttir | Egilsstaðaskóli | anna@egilsstaðir.is |
| Elín Thorarensen | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | ljosamyri@simnet.is |
| Katrín Dóra Þorsteinsdóttir | Samtök Iðnaðarins | katrin@si.is |

**Elín Thorarensen verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu kynnti verkefni um stöðu náms- og starfskynninga**

Elín stýrir í dag verkefni um stöðu náms- og starfskynninga listgreina o.fl., svonefnt KÁS verkefni. Hún kynnti helstu niðurstöður greiningar sem unnin var í undirbúningi að verkefninu, áherslur og stöðuna í dag.





















Að efla hug og hönd – starfsdagur Náms og starfsráðgjafa n.k. föstudag 1. nóvember. Ætla að tileinka þennan dag starfsnámi. Verið er að útbúa kynningarefni fyrir foreldra á skólakerfinu og námsleiðum sem nýta má á fræðslufundum fyrir foreldra. Elín afhenti einn USB penna með gögnum, s.s. Handbók um starfakynningu og plaköt með lýsingu á námsleiðum fyrir margvísleg störf. Einnig fékk hver skóli plaköt til að hengja upp til kynningar á starfsmenntun.

**3. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti áherslur Samtaka iðnaðarins í tengslum við starfsmennt**







Bæklingur um verkefni ð *Verk- og tækninám nema hvað?* var sent til nemenda í 9. bekk. *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. 6. og 7 bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.










Verkefnið *Forritarar framtíðarinnar.* Hægt að sækja um í sjóð, stefnt að því að auglýsa í nóvember. Skilmálar er kennsla í tvö ár fyrir allan árganginn og tengja við námskrá. Sjóðurinn leitast við að veita styrki til verkefna  sem fela í sér eftirfarandi: Tölvubúnað, þjálfun og innleiðingu forritunarkennslu fyrir einn skóla eða sveitafélag.  Þjálfun og ráðgjöf við innleiðingu forritunarkennslu, spjaldtölva eða annað sem upp kann að koma og stjórn sjóðsins þykir áríðandi. Grunnnámskeið forritunar- og tæknikennslu hjá (Skema) fyrir kennara.

Menntasmidja.hi.is   heimasíða fyrir skólafólk – t.d. er hægt að skoða best practice af GERT verkefninu þar.

**4. Umræður fundarmanna hvað verið er að gera á Egilsstöðum og nýjar hugmyndir varðandi starfsmenntun.**

Fellaskóli er með verkefni er nefnist *Atvinnudraumar,* það felst í því að nemendur finna sér fyrirtæki til að heimsækja og eru þar í 3ja daga starfskynningu.

Allir 9. bekkingar fara í starfskynningar en erfitt að finna fyrirtæki og voru þau vonsvikin yfir því hve fá fyrirtæki á svæðinu voru á SA listanum. Hvöttu SI til að ýta betur við fyrirtækjum og eins leist þeim vel á að hvatning um samstarf við skólana kæmi einnig úr þeirra nærumhverfi eins og t.d. frá bæjarstjóra.

Ekki er haldin sameiginleg náms- eða starfakynning fyrir nemendur og foreldra. Fundarmenn sammála um að hér er tækifæri til að gera betur .

Fundarmenn voru almennt sammála um að námsframboð í ME væri of takmarkað en flestir nemendur fari samt þangað. Tilraun til að fá að taka upp nám í rafiðnum fyrir nokkru rann út í sandinn en telja enn þörf á að bjóða upp á veknám við skólann.

Bent var á að mikið mál er að senda 16 ára unglinga burt í nám. Líst vel á að hafa framhaldsskólann fyrir 15 – 18 ára nemendur. Einnig var nefnt að nemendur þurfi að geta tekið verknám til stúdentsprófs án þess að lengja nám sitt mikið.

Nemendur af  Héraði fara ekki í VA, hugsanlega hreppapólitík sem kemur þar inn í og eins erfiðar samgöngur yfir vetrartímann.  Fundarmenn töldu að með tilkomu nýrra jarðgangna þá væri ef til vill betri grundvöllur fyrir samstarfi á milli skólanna. Væri a.m.k. vert að skoða það. Vilja gjarnan eiga þá umræðu við fulltrúa Fjarðarbyggðar.

Fundi slitið kl. 11:30

**Fundargerð**
**Kynning á starfsmenntun (KÁS verkefnið)**

Fundur Fræðslumolanum Reyðarfirði
31.10. 2013, kl. 13-15

Fundinn sátu fulltrúar grunn- og framhaldsskóla í Fjarðabyggð, en til hans boðuðu Elín Thorarensen, verkefnisstjóri Menntamálaráðuneytinu og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, fræðslustjóri SI.

**1. Þóroddur Helgason, fræðslustjóri Fjarðabyggðar bauð fundargesti velkomna.**

**2. KÁS verkefnið**
E.Th. rakti á glærum aðdraganda og framkvæmd verkefnisins. Markmið þess er að kynna betur og breyta viðhorfum samfélagsins gagnvart starfsmenntun. Verkefnið er í dag stutt af Vinnandi vegi, en unnið á grundvelli samstarfsteymis hagsmunaaðila með aðsetur í Menntamálaráðuneytinu. Á meðal þess sem unnið hefur verið að er „Þetta getur þú“ auglýsingaherferð sem farið var í vorið 2013, gerð kynningarmyndbanda og marksækið samstarf við lykilaðila. Áhersla er lögð á nám en ekki skóla. Af nýlegum skýrslum og könnunum má m.a. leiða það stöðumat, að fræðslustarf fyrir nemendur og foreldra þarf að hefjast innan grunnskólanna ekki síðar en í 8. bekk. Einnig að líklega verði að ráðast í breytingar á uppbyggingu menntakerfisins til að jafna út viðhorfs- og aðstöðumun á milli bóknáms og verknáms á framhaldsskólastigi. E.Th. dreifði í lok máls síns kynningarefni til fulltrúa skólanna, plaggötum o.lf.

**3. Samtök iðnaðarins**
Í máli K.D.Þ kom m.a. fram að tilfinnanlegur skortur á iðn- og tæknimenntuðu starfsfólki stæði í síauknum mæli vexti fyrirtæka fyrir þrifum hér á landi. Auk KÁS verkefnisins leitast Samtök iðnaðarins við að snúa þróuninni til betri vegar með víðtæku kynningarstarfi. Markmiðið er að fá ungt fólk og foreldra þeirra til að taka upplýsta ákvörðun um framtíðarstarfið. Á meðal nýjunga hjá SI er Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og GERT jafningjafræðsluverkefnið. Þá er í burðarliðnum nýr sjóður sem ýmis fyrirtæki koma að, sem liður í nýja samstarfsverkefninu „Forritarar framtíðarinnar“. Á meðal þess sem unnið

verður að er að skólar geti endurnýjað tölvuver og upplýsingatæknibúnað gegn því að þeir skuldbindi sig til að kenna nemendum forritun í tvö ár; því yngri þeim mun betra. Aðferðafræði forritunar nýtist auk þess námslega á mun breiðari grunni en sjálfri forritunarkennslunni.

**4. Umræður**
HVAÐ ER Í GANGI HÉR Á AUSTURLANDI, HVERNIG HEFUR GENGIÐ?
HVERNIG EFLUM VIÐ GRUNNSKÓLANA Í ÞESSU VERKEFNI OG AÐKOMU ATVINNULÍFSINS HÉRNA?
HVERNIG KYNNIR VA NÁMSFRAMBOIÐ SITT?

**Elvar**
– Samkvæmt drögum að nýrri skýrslu um stöðu verknáms á Íslandi eru helstu veikleikar þess akademísk slagsíða í námsráðgjöf. Einnig lítil tengsl við háskólanám. Þarf að hefja verknámið upp til að vekja áhuga góðra nemenda á því sem raunhæfum kosti. Þar er Ísland langt á eftir samanburðarlöndum aðgerðarlega séð. Styrkleikar eru m.a. góð tengsl við atvinnulífið. Hjá VA eru eftirfarandi aðgerðir í gangi til að tengjast betur grunnskólanum:

A) Verknámsvika í samstarfi við vinnuskóla Fjarðabyggðar. B) Tæknidagur fjölskyldunnar í samstarfi við Austurbrú, en þar taka fyrirtæki, grunnskóla og VA höndum saman um kynningu á iðn- og tækninámi. C) Fastar heimsóknir 10. bekinga í VA á hverju vori. 9. bekkingum er boðið með. Spurning hvort þetta ætti frekar að vera 8. – 9. bekkur og að hausti. Einnig hafa sameiginlegar heimsóknir í grunnskólanna með V.A. ásamt listakademíunni, íþróttaakademíunni og uppeldisfræðinemum gefist vel. D) Þemavika – Verklegt er vitið, með 8.- 10. bekk í Nesskóla.

- Áhersla á bæði skólann og verknámsframboð sem slíkt. Áhersla á námsframboð skólans er þó á heildina litið meiri en á námsframboð almennt.

- Ljóst að Tæknidaginn má nýta markvisst til að fá tæknimenntað fólk í Fjarðabyggð, hjá verktökum og álveri, til að kynna störf sín.

- Gæti skýrt háar brottfallstölur að aldursbilið í kennslustofunni sé víða of breitt. Við blöndum óhikað saman 16 ára og 25+ nemum. Finnar hafa skilið þarna á milli með góðum árangri gagnvart brottfalli.

- Mikilvægt að gripið verði til aðgerða sem hafið geta verknámið upp. Í nágrannalöndunum hefur sem dæmi verið gripið til þess að verknámsnemendum sé tryggð sumarvinnna. Hefur sem gulrót gefið góða raun.

- Mjög erfitt að fá hæfa kennara til starfa. Mikil eftirspurn eftir iðnaðarmönnum hér fyrir austan og gerir þessi harða samkeppni við almenna vinnumarkaðinn málið enn erfiaðara viðfangs.

**Helga**
– Brýnt að jafna þann mun sem er á einingum í starfsnámi annars vegar og bóknámi, svo að námið verði í reynd jafngilt.

- Því miður virðist vanta góða og færa kennara í verknám. Virðist vera erfiðara að manna þær stöðu með viðunandi hætti.

- Vantar aukna áherslu á verknám í menntun grunnskólakennara. Var þannig í „gamla“ kerfinu. Það byggði á mun breiðari grunni.

**Þóroddur**
– Tenging verknáms við grunnskólana í Fjaraðbyggð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Áhersla lögð á að breikka grunn efnafræði- og náttúrufræðikennslu með tilraunum og skapandi nálgun, með það fyrir augum að kveikja áhuga grunnskólanema. Getur jafnframt nýst t.d. Lego og Nýsköpunarkeppninni. Á umræðustigi hvernig auka megi hlut verklegrar efna- og eðlisfræðikennslu um 50%. Skólarnir eru nú þegar búnir að gera það sem þeir geta í þeim efnum. Sótt hefur verið um styrki til Alcoa fyrir tækjabúnaði og styrkur fenginn frá Endurmenntunarsjóði kennara.

- Þemavikur hafa gefið góða raun í skólunum.

- Megum ekki loka umræðuna inni í „hefðbundnum“ skilningi á verknámi. Leiklist og myndlist eru dæmi um hinn skapandi hluta verknámsins.

- Þarf ekki að skoða betur hvernig við getum gert verknám samkeppnishæfara við bóknám kostnaðarlega séð?

- Mikilvægt að rétta af misvægi eininga gagnvart rétti til háskólanáms. Verknámsmatið gerir að verkum að nemendur úr þeim geira menntakerfisins þurfa að bæta við sig allt að 1 ½ ári þó að ekki sé nema 20 eininga munur á sveinsnámi og stúdentsprófi. Þetta misvægi slíti m.ö.o. tengslin á milli verknáms og háskólanáms.

Nokkrar umræður urðu um þennan þátt og m.a. bent á að íslenskir tæknifræðingar sæktu af þessum sökum verkfræði í dönskum háskólum. Gæti bent til þess að það vanti Tækniháskóla á Íslandi. Umræðurnar snertur einnig ágalla í iðnnámi sem geta gert dregið sveinsnámið á langinn.

**Einar Már**
– Furðulegt hve lítið hefur í raun áunnist á sl. 20-30 hvað varðar viðhorf samfélagsins til iðn- og tæknináms, nema hvað nú er löggjöfin orðin framsæknari grasrótinni í menntakerfinu, öfugt við það sem áður var. Í hnotskurn er það því fjárskortur sem hamlar nú för en ekki afturhaldssöm löggjöf.

- Hvatti VA til að taka upp sambærilegt verkefni og á Suðurnesjunum þar sem foreldrar voru markvisst virkjaðir. Mikilvægur þáttur í því að laða góða nemendur inn í iðn- og tæknigreinar.

- Akademíska slagsíðan á kostnað verknáms er ekki aðeins til staðar í námsráðgjöfinni. Á heildina litið er allt umhverfi barna og unglinga gegnsýrt af þessari slagsíðu.

**Brynja**
– Þarf að hefja starfsmenntun fyrr, krakkar hafa í dag enga innsýn í vinnu foreldra sinna eða í hverju einstakar atvinnugreinar felast. Alls ekki seinna en 8. bekk og þyrfti að fara neðar.

**Ásta**
- Við vitum að framboð á valgreinum fer mikið eftir kennurum. Kennaraskortur eða skortur á góðum kennurum háir því oft verklegu námi á unglingastigi.

- Framboð á iðn- og tæknitengdum starfskynningum hjá verktökum hefur verið aukið. Mælist vel fyrir. Engu að síður er innan við helmingur sem tekur þetta val.

- Kostnaðurinn við verknámgreinar er alltaf umhugsunarefni fyrir grunnskólana. Fatasaumur reyndist sem dæmi of dýr í framkvæmd fyrir okkar skóla. Í staðinn bjóðum við kertagerð með áherslu á endurvinnslu.

- Með hliðsjón af því hve hár bókakostnaðurinn er á hvern nemenda í bóknámi, má velta því upp hversu ódýrari sá kostur er í raun þegar upp er staðið.

**Ólöf Þóranna kennari í Nesskóla**
- Í Nesskóla eru allan veturinn á miðvikudögum í 3-4 kennslustundir heimsóknir í fyrirtæki.

- Margt bendir til þess að kennaranámið sé orðið of sérhæft/einhæft, m.þ.a. að námið nýtist síður kennurum úti á landsbyggðinni. Einnig má sjá afleiðingar þessa m.a. í minnkandi getu einstakra kennara til að kenna t.d. lestur.

**Katrín Dóra** - Vakti athygli á vísindadagatali HÍ. Þar mætti finna ódýrar verklegar tilraunir sem byggja á hlutum úr daglegu umhverfi. Dagatalið má nálgast á vef HÍ.

**Elín** – Vakti máls á umræðum sem eru í gangi um aukið samstarf framhaldsskóla á Austurlandi, hvernig gera megi þeim kleift að vega hvorn annan upp. Það sé t.d. ekki raunhæft að ME fái verknámsdeild þó að áhugi sé til staðar á því.

Fundi slitið kl. 15:50.
Fundargerð skráði Helga Guðrún Jónasdóttir

## Samráðsfundur um kynningu á starfsmenntun haldinn á Akranesi 6. nóvember 2013 kl. 15

**Þátttakendur:**

| | | |
|---|---|---|
| Hörður Baldvinsson | FVA | hordur@fva.is |
| Dröfn Viðarsdóttir | FVA | drofn@fva.is |
| Elín Kristjánsdóttir | MB/Grunnsk í Borgarnesi | elin@menntaborg.is |
| Sóley Sigurþórsdóttir | Grunnskólinn í Borgarnesi | soley@grunnborg.is |
| Elín Kristinsdóttir | Grunnskólinn í Borgarnesi | elin@grunnborg.is |
| Helga Gunnarsdóttir | Akraneskaupstaður | helga.gunnarsdottir@akranes.is |

| | | |
|---|---|---|
| Heiðrún Janusardóttir | Akraneskaupstaður | heidrun.janusardottir@akranes.is |
| Svala Hreinsdóttir | Akraneskaupstaður | svala.hreinsdottir@akranes.is |
| Jón R. Hilmarsson | Leik-og grunnsk Hvalfjarðarsveitar | jon.runar.hilmarsson@ hvalfjardarsveit.is |
| Geirlaug Jóhannsdóttir | Bifröst | geirlaug@bifrost.is |
| Jón Karl Jónsson | Foreldrafélag Grunnsk í Borgarnesi | jonkarl@gmail.com |
| Sigríður Ragnarsdóttir | Grundaskóli | sigridur.ragnarsdottir@akranes.is |
| Ólafur Haraldsson | FVA | olafurharalds@fva.is |
| Ingibjörg Guðmundsdóttir | Grunnskóli Borgarfjarðar | inga@gbf.is |
| Ingibjörg Adda Konráðsd. | Grunnskóli Borgarfjarðar | iak@gbf.is |
| Helga J. Svavarsdóttir | Grunnskóli Borgarfjarðar | helga@gbf.is |
| Hlöðver I. Gunnarsson | Grunnskóli Borgarfjarðar | hlodver@gbf.is |
| Ásthildur Magnúsdóttir | Borgarbyggð | asthildur@borgarbyggd.is |
| Eiríkur Guðmundsson | FVA | eirikurg@fva.is |
| Birna Gunnlaugsdóttir | Tilraunaverkefni um hækkað menntastig | birnag@bifrost.is |
| Sigurgeir Sveinsson | FVA | sigurgeir@fva.is |
| Jens B. Baldursson | FVA | jens@fva.is |
| Katrín Dóra Þorsteinsdóttir | Samtök Iðnaðarins | katrin@si.is |
| Elín Thorarensen | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | ljosamyri@simnet.is |

**Elín Thorarensen verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu kynnti verkefni um stöðu náms- og starfskynninga**

Elín stýrir í dag verkefni um stöðu náms- og starfskynninga listgreina o.fl., svonefnt KÁS verkefni. Hún kynnti helstu niðurstöður greiningar sem unnin var í undirbúningi að verkefninu, áherslur og stöðuna í dag.





















Að efla hug og hönd – starfsdagur Náms og starfsráðgjafa föstudag 1. nóvember var tileinkaður starfsnámi. Verið er að útbúa kynningarefni fyrir foreldra á skólakerfinu og námsleiðum sem nýta má á fræðslufundum fyrir foreldra. Elín afhenti einn USB penna með gögnum, s.s. Handbók um starfakynningu sem haldin var í Reykjanesbæ og er gott dæmi um hvernig hægt er að skipuleggja slíka kynningu. Í tengslum við þá kynningu voru útbúin plaköt með lýsingu á námsleiðum fyrir margvísleg störf. Náms- og starfsráðgjafar og kennarar geta nýtt sér þau í náms- og starfsfræðslu.  Einnig fékk hver skóli plaköt til að hengja upp til kynningar á starfsmenntun. Bent er á að haldin hefur verið alhliða náms- og starfskynning á Akureyri í nokkur ár og gefa námsráðgjafar VMA upplýsingar um framkvæmd hennar.

**Katrín Dóra Þorsteinsdóttir,  forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti áherslur Samtaka iðnaðarins í tengslum við starfsmennt**







Bæklingur um verkefni ð *Verk- og tækninám nema hvað?* var sendur til nemenda í 9. bekk, nú í fyrsta skipti tengdur rafrænni upplýsingasíðu með you-tube myndböndum. *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í  5. 6. og 7 bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.










Verkefnið *Forritarar framtíðarinnar.* Hægt að sækja um í sjóð sem kynntur var nú nýlega. Skilmálar er kennsla í tvö ár fyrir allan árganginn sem sótt eru um fyrir og tengja við námsskrá. Sjóðurinn leitast við að veita styrki til verkefna  sem fela í sér eftirfarandi: Tölvubúnað, þjálfun og innleiðingu forritunarkennslu fyrir einn skóla eða sveitarfélag.  Þjálfun og ráðgjöf við innleiðingu forritunarkennslu, spjaldtölva eða annað sem upp kann að koma og stjórn sjóðsins þykir áríðandi. Grunnnámskeið forritunar- og tæknikennslu hjá (Skema) fyrir kennara.

Menntasmidja.hi.is   heimasíða fyrir skólafólk – t.d. er hægt að skoða best practice af GERT verkefninu þar.

**Umræður fundarmanna hvað verið er að gera á Vesturlandi og hugmyndir varðandi starfsmenntun.**

Borgarbyggð á aðild að FVN, 6 nemendur þaðan eru í verknámi. Nemendum í verknámi hefur fækkað eftir tilkomu MB. Því fleiri skólar því færri sem velja verknám. Það sama gerist líka með nemendur af Snæfellsnesi. Þetta á reyndar ekki við dreifnámið en þar eru eldri nemendur sem sækja í það. Nú eru um 15% árgangsins af Akranesi sem stundar verknám en hefur farið alveg upp í 30%.

Eftir kreppu er minna um heimsóknir grunnskólanema í framhaldsskóla. Rótary aðstoðar þeim við að kynna störf og fara í vinnustaðaheimsóknir.

Samstarf er á milli Akraness og Borgarbyggðar með að kynna heimaskólana, er samt ekki formlegt samstarf og það eru ekki haldin opin hús né sérstakar kynningar fyrir foreldra. Á Akranesi var kynningardagur fyrir grunnskólana, þóttist hann takast vel og verður aftur í febrúar. FNV sendir öllum nemendum á Vesturlandi kynningarbækling.

Nemendur í 9. og 10. bekk á Akranesi stendur til boða að taka valáfanga í verklegum greinum í FNV, þetta hefur gefið góða raun að þeirra mati.

Í Grundaskóla er námsfræðsla í 9. og 10. bekk, erfitt að finna tíma fyrir þetta. Nemendur fara einnig í heimsóknir í fyrirtæki. Í 3. bekk eru heimsóknir á vinnustaði foreldra.

Telja það slæma þróun er lífsleiknin fór undir samfélagsfræðina. Við þá breytingu er meiri hætta á að náms- og starfsfræðsla detti út þar sem erfiðara verður að koma henni við. Sú tilraunaáætlun sem sett hefur verið fram um náms- og starfsfræðslu er ekki virk en slík áætlun myndi breyta miklu.
Þurfum að skerpa umræðu um framtíðin inni á heimilum, hvert markmið náms er.

Íslandsmót iðn- og verkgreina er góður grundvöllur til að virkja nemendur.

Í grunnskóla Borgarbyggðar er valáfangi sem smíðakennari heldur utan um. Eru í skólanum einu sinni í viku og fara svo út í fyrirtæki í 3-4 tíma og taka þátt í störfum. Mikill áhugi er hjá fyrirtækjum að taka þátt í þessu. Fyrirtækin borga fyrir rútu til Akraness svo nemendur geti skoðað FNV.

Á Vesturlandi kalla fyrirtæki eftir fólki með verknámsmenntun.

Byggja þarf brú á milli menntaskóla og háskóla, gera stúdentspróf og iðnnám jafngilt. Spurt var hvaða vinna væri í gangi til að breyta þessu líkt og framhaldsskólalögin gera ráð fyrir.

Katrín Dóra segir það vera erfitt fyrir verknámið að keppa um nemendur við háskólana ef þeir fara allir bóklegu leiðina til 18 ára aldurs. Móta þarf meistaranámið betur.

Í FNV er góð aðsókn í rafiðnir, háskólar bíða eftir nemendum með þessa menntun, eru vel undirbúin undir slíkt nám. 80% þeirra klára stúdentinn. FNV vill skilgreina rafiðnir jafnt og stúdentspróf/tæknistúdent. Námið er langt og það þarf að stytta það.

Fram kom að kynningum hefur fækkað  vegna niðurskurðar, námsráðgjafar fara í færri heimsóknir í grunnskólana. Ekki er markvisst reynt að ná til foreldra, námsráðgjafar ræða við nemendur en foreldrar þrýsta þeim í bóknám. Verknám nýtur ekki virðingar, foreldrar líta á það sem annars flokks nám og vilja ekki að sín börn fari þá leið.

Lélegum námsmönnum er bent á fara í verknám en falla síðan burt úr náminu því þeir ráða ekki við það. Þurfum sérstakt menntastig fyrir þessa einstaklinga. Þurfum að breyta skipulaginu þannig að allt nám endi með stúdentsprófi en þannig að nemendur getur hætt á leiðinni og ert þá jafnvel búnir að ná sér í réttindi sem t.d. rafvirki. Þarf að meta verknám á sínum forsendum.

Einnig væri hægt að áfangaskipta verknámi, grunnnám + stúdentspróf. Sá sem klárar grunndeild fái umbun, t.d. í formi launaflokkahækkunnar.
Málmtæknideild FNV skilar góðum nemendum sem eiga auðvelt með að fá samning og vinnu. Námið er aðlagað að þörfum vinnustaða á svæðinu sem leiðir til þess að nemendur fá ákveðin réttindi.

Efla þarf fræðslu um nám og störf mun fyrr en nú er gert. Á miðstigi eru í e-m skólum boðið upp á á smiðjur og val, þar væri hægt að koma betur inn með kynningu á verklegum greinum. Sem kennsluefni fyrir yngsta stigið var bent á bókina eftir Sigrúni Eldjárn *Iðnir krakkar* sem Iðnú gaf út fyrir SI. Sent var eitt bekkjarsett til allra grunnskóla haustið 2010. Katrín hvatti fólk til að kanna það hvort bókin væri ekki til í hverjum skóla og nýta hana í kennslu.




Höfundur: Sigrún Eldjárn

Í þessari bók  kemur við sögu fjölskrúðugur hópur iðnaðarmanna, m.a. rafvirkinn Stína stuð og Rabbi hársnyrtir en einnig gullsmiðir, bakarar, bifvélavirkjar o.fl. Fjörleg bók um iðna krakka, ríkulega myndskreytt af höfundi. Ætluð börnum í fyrstu bekkjum grunnskóla.

Fræða þarf foreldra þannig að þeir geti rætt markvisst við börnin sín um mikilvægi náms og náms-  og starfsval. Draga þarf fram launakjör iðnmenntaðra

Aukin samvinna heimila og skóla skilar sér til baka í betra skólastarfi en líkt og rannsóknir á foreldrasamstarfi sýna þá er ávinningurinn margvíslegur fyrir alla aðila skólasamfélagsins.

Spurt var hvenær unglingar eru að taka þessa ákvörðun um námsval. Þeir velja mikið skóla út frá félagslífi samkvæmt könnunum. Hafa ekki skoðað markvisst hverjir af þeim sem velja verknámsval í FNV skila sér í verknám. Voru 16 nemendur í 10. bekk fyrir jól og 16 eftir jól. í Brekkuskóla er þetta val í boði fyrir 8.-10. bekk.

Fundi slitið kl. 17:00

## Samráðsfundur um kynningu á starfsmenntun
## haldinn á Sauðárkróki 18. nóvember 2013 kl. 13:00

**Þátttakendur:**

| | | |
|---|---|---|
| Herdís Sæmundardóttir | Fræðslustjóri | has@skagafjordur.is |
| Freyja Friðbjarnardóttir | Varmahlíðarskóli | freyja@varmahlidarskoli.is |
| Þorsteinn T. Broddason | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | steini@nmi.is |
| Aðalheiður Reynisdóttir | Farskólinn | heida@farskolinn.is |
| Margrét Arnardóttir | Árskóli | margretba@arskoli.is |
| Ásta Búadóttir | Árskóli | asta@arskoli.is |
| Sigurður Jónsson | Árskóli | siggij@arskoli.is |
| Einarína Einarsdóttir | Árskóli | rina@arskoli.is |
| Helga Harðardóttir | Árskóli/Fræðsluþjónusta | helgah@arskoli.is |
| Ægir Ásbjörnsson | Árskóli | aegir@arskoli.is |
| Ólafur Bernódusson | Farskólinn | olibenna@hi.is |
| Halldór Gunnlaugsson | Farskólinn | halldorb@farskolinn.is |
| Fríða Eyjólfsdóttir | Grunnskólinn austan vatna | feyj@gsh.is |
| Eiríkur Frímann | Grunnskólinn austan vatna | eirikur@gsh.is |
| Valur Valsson | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | valurv@nmi.is |
| Björn Björnson | FNV | bjornb@fnv.is |
| Erna Baldursdóttir | FNV | erna@fnv.is |
| Ingileif Oddsdóttir | FNV | ingileif@fnv.is |
| Sigríður Svavarsdóttir | FNV | sirry@fnv.is |
| Þorkell V. Þorsteinsson | FNV | keli@fnv.is |
| Ásbjörn Jónsson | FNV | asbjorn@fnv.is |
| Björn J Sighvatz | FNV | bjornz@fnv.is |
| Gísli Árnason | FNV | gisli@fnv.is |
| | | |
| Elín Thorarensen | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | ljosamyri@simnet.is |
| Katrín Dóra Þorsteinsdóttir | Samtök Iðnaðarins | katrin@si.is |

**Elín Thorarensen verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu kynnti verkefni um stöðu náms- og starfskynninga**

Elín stýrir í dag verkefni um stöðu náms- og starfskynninga listgreina o.fl., svonefnt KÁS verkefni. Hún kynnti helstu niðurstöður greiningar sem unnin var í undirbúningi að verkefninu, áherslur og stöðuna í dag.





















Að efla hug og hönd – starfsdagur Náms og starfsráðgjafa föstudag 1. nóvember var tileinkaður starfsnámi. Verið er að útbúa kynningarefni fyrir foreldra á skólakerfinu og námsleiðum sem nýta má á fræðslufundum fyrir foreldra. Elín afhenti einn USB penna með gögnum, s.s. Handbók um starfakynningu og plaköt með lýsingu á námsleiðum fyrir margvísleg störf. Einnig fékk hver skóli plaköt til að hengja upp til kynningar á starfsmenntun.

**Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti áherslur Samtaka iðnaðarins í tengslum við starfsmennt**







Bæklingur um verkefni ð *Verk- og tækninám nema hvað?* var sent til nemenda í 9. bekk. *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. 6. og 7 bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.









Verkefnið *Forritarar framtíðarinnar.* Hægt að sækja um í sjóð, stefnt að því að auglýsa í nóvember. Skilmálar er kennsla í tvö ár fyrir allan árganginn og tengja við námsskrá. Sjóðurinn leitast við að veita styrki til verkefna sem fela í sér eftirfarandi: Tölvubúnað, þjálfun og innleiðingu forritunarkennslu fyrir einn skóla eða sveitarfélag. Þjálfun og ráðgjöf við innleiðingu forritunarkennslu, spjaldtölva eða annað sem upp kann að koma og stjórn sjóðsins þykir áríðandi. Grunnnámskeið forritunar- og tæknikennslu hjá (Skema) fyrir kennara.

Menntasmidja.hi.is heimasíða fyrir skólafólk – t.d. er hægt að skoða best practice af GERT verkefninu þar.

**Umræður fundarmanna hvað verið er að gera í Skagafirði og nýjar hugmyndir varðandi starfsmenntun.**
Elín óskaði eftir upplýsingum um það hvernig Fjölbrautaskólinn kynnir sitt starf. Ingileif Oddsdóttir skólameistari FNV sagði frá kynningum á vegum skólans. Farið er með kynningar út í alla grunnskólana og einnig fá nemendur 10. bekkja að koma einn dag og fylgja eftir nemanda í FNV. Einnig er iðnkynning þar sem nemendum 10. bekkjar gefst kostur á að koma tvær helgar og kynnast þeim iðngreinum sem eru í boði í skólanum og fá að fara í FabLabið. Sumir skólar senda alla nemendur í 10. bekk en ekki aðrir og kom upp sú hugmynd að skoða framkvæmdina betur. Raddir heyrðust um að þetta þyrfti að vera skylda fyrir alla nemendur.
Talað var um að hægt væri að nýta stóru atvinnulífskynninguna sem haldin er annað hvert ár betur til að kynna það nám og störf og höfða meira til nemenda elstu bekkjanna, ekki bara 10. bekkjar.

Margrét Björk náms- og starfsráðgjafi Árskóla sagði frá því að starfskynning væri lokaverkefni í 10. bekk og þá fara nemendur út í fyrirtæki á svæðinu. Mjög vel hefur verið tekið á móti þeim. Hún hefur reynt að virkja foreldra til að kynna sín störf en talaði um að erfitt hefði verið að fá foreldra til að koma í skólann með starfskynningar einnig að náms- og starfsfræðsla hafi ekkert pláss á stundaskrá og því þurfi að breyta. Rætt um möguleika þess að fá foreldra nemenda á miðstigi til að koma og vera með starfskynningar. Mikilvægt að efla fræðslu um störf hjá þeim aldri og foreldrar á því skólastigi oft viljugri til samstarfs en foreldrar á unglingastigi.

Herdís Sæmundardóttir frá Sveitadögum sem Varmahlíðarskóli hefur staðið að þar sem nemendur fara á sveitabæi í fjóra daga og kynna sér starfsemina þar að vori til. Er verkefni sem fékk verðlaun frá Heimili og skóla.

Ingileif sagði frá starfsfræðslu á vegum FNV.

Þorsteinn Broddason taldi að leggja ætti mun meiri áherslu á að fá verknám inn í bóknámið og að passa þurfi upp á að loka engum dyrum. Flestir tvítugir einstaklingar komi til með að vinna störf sem ekki eru til í dag þannig að það sé ekki hættulegt þó þau viti ekki endilega hvað þau vilji verða. NMI hefur verið að vinna að verkefnum sem hvetja til starfs- og tæknináms. Verið var að undirbúa verkefni þessu tengt sem átti að greiðast með IPA styrk sem fæst nú ekki og verið er að skoða hvernig á að bregðast við því.

Talað var um að list- og verkgreinum sé gert nokkuð hátt undir höfði hér á þessu svæði.

Þorsteinn Brodda talaði um að e.t.v. væru foreldrar hræddir, m.a. vegna þess að á ákveðnum tímapunkti færu börnin að vita en þeir, því væru t.d. erfiðleikar með heimanám. Elín sagði að það mætti endurskoða heimanám. Nokkur umræða skapaðist um heimanám og voru skoðanir greinilega skiptar.

Gísli Sigurðsson, kennari við FNV, sagði að alla breytingar sem orðið hefðu komið frá framhaldsskólunum sjálfum en ekki frá menntamálayfirvöldum.

Katrín sagði að vonandi myndi endurtekið ákall um breytingar skila sér að lokum.

Fundi slitið kl. 14:45

## Samráðsfundur um kynningu á starfsmenntun haldinn á Ísafirði 4. desember 2013 kl. 13:30

**Þátttakendur:**

| | | |
|---|---|---|
| Margrét Halldórsdóttir | Skóla- og frístundasvið Ísafjarðabæjar | margreth@isafjordur.is |
| Jón Reynir Sigurvinsson | Menntaskólinn á Ísafirði | jon@misa.is |
| Inga Bára Þórðardóttir | Grunnskólinn á Ísafirði | ingabara@isafjordur.is |
| Sveinfríður Olga Veturliðad. | Grunnskólinn á Ísafirði | sveinfridurve@isafjordur.is |
| Anna Lind Ragnarsdóttir | Súðavíkurskóli | annalind@sudavik.is |
| Stella Hjaltadóttir | Menntaskólinn á Ísafirði | stella@misa.is |
| Guðrún Á. Stefánsdóttir | Menntaskólinn á Ísafirði | gudrun@misa.is |
| Hildur Halldórsdóttir | Menntaskólinn á Ísafirði | hildur@misa.is |
| Þröstur Jóhannesson | Menntaskólinn á Ísafirði | throstur@misa.is |
| Tryggvi Sigtryggsson | Menntaskólinn á Ísafirði | tryggvi@misa.is |
| Elín Thorarensen | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | ljosamyri@simnet.is |
| Katrín Dóra Þorsteinsdóttir | Samtök Iðnaðarins | katrin@si.is |

**Elín Thorarensen verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu kynnti verkefni um stöðu náms- og starfskynninga**

Elín stýrir í dag verkefni um stöðu náms- og starfskynninga listgreina o.fl., svonefnt KÁS verkefni. Hún kynnti helstu niðurstöður greiningar sem unnin var í undirbúningi að verkefninu, áherslur og stöðuna í dag.

## Forsaga

- Evrópuverkefni: Starfsmenntun – hvert skal stefna?
  - Markmið: samræða við hagsmunaðila
  - 18 fundir – um 1000 þátttakendur
  - Ráðstefna
  - Niðurstöður eru á vef ráðuneytis
- Ein niðurstaða: þörf á að efla kynningu á starfsmenntun
- Ákveðið að greina þörf betur með viðtölum og rýnihópum
- Einnig voru kannanir og nýlegar skýrslur þessu tengt skoðaðar

## Helstu niðurstöður

- Breyta þarf viðhorfum til starfsmenntunar
  - Kynningarátak eitt og sér breytir litlu
- Breyta þarf uppbyggingu skólakerfisins
- Efla umræðu í samfélaginu um nám og störf
- Efla náms- og starfsráðgjöf
  - Skilgreina náms- og starfsfræðslu í 1.-10. bekk í námskrá
  - Reglugerð um störf náms- og starfsráðgjafa
- Kennarar þurfa að taka þátt í fræðslunni

## Helstu niðurstöður, frh

- Fræða foreldra um skólakerfið og atvinnulífið
- Halda stóra náms- og starfskynningu árlega
- Gera framhaldsskólum kleift að sinna kynningarstarfi betur
- Atvinnulíf leggi sitt af mörkum til kynningarmála
- Markvisst áætlun um kynningarstarf í 3-5 ár
- Stofna tækniháskóla/fagháskóla

## Langtímamarkmið

- Unnin verði tímasett áætlun um eflingu verk-, list- og tæknináms á framhaldsskóla- og háskólastigi með það að markmiði að:
- Hlutfall framhaldsskólanema í verk- og tækninámi hækki úr 33% árið 2011 í 35% árið 2015 og í 40% árið 2020.
- Hlutfall háskólanema í tæknigreinum hækki úr 9,3% árið 2010 í 13% árið 2015 og 16% árið 2020.

## KÁS verkefni

- Samstarfsteymi hagsmunaðila
- Auglýsingaherferð vor 2013 – „Þetta getur þú“
- Umfjöllun í útvarpi vor 2013
- Samstarf við SA um fyrirtækjalista
- Samstarf við Félag náms- og starfsráðgjafa
- Gerð kynningarmyndbanda
- Landsbyggðarfundir
- Kynningarefni fyrir foreldra
- Náms- og starfskynningin í Kórnum í mars 2014 í samstarfi við Íslandsmót verk- og iðngreina




## Áherslur í kynningum

- Skilgreindir markhópar:
  - Nemendur, foreldrar, kennarar , náms- og starfsráðgjafar, samfélagið
- Viðhorfabreytingar þörf – tekur tíma
- Skilaboðin þurfa að vera jákvæð
- Áhersla á nám og störf en ekki skólana
- Val á námi út frá áhugasviði og hæfni, hvað vilt þú læra og af hverju?
- Áhugaverð, skapandi störf, ánægja með námið, ánægja með laun og vinnuaðstæður, möguleikar á framhaldsnámi

Að efla hug og hönd – starfsdagur Náms og starfsráðgjafa föstudag 1. nóvember var tileinkaður starfsnámi. Verið er að útbúa kynningarefni fyrir foreldra á skólakerfinu og

námsleiðum sem nýta má á fræðslufundum fyrir foreldra. Elín afhenti einn USB penna með gögnum, s.s. Handbók um starfakynningu sem haldin var í Reykjanesbæ og er gott dæmi um hvernig hægt er að skipulegga slíka kynningu. Í tengslum við þá kynningu voru útbúin plaköt með lýsingu á námsleiðum fyrir margvísleg störf. Náms- og starfsráðgjafar og kennarar geta nýtt sér þau í náms- og starfsfræðslu.  Einnig fékk hver skóli plaköt til að hengja upp til kynningar á starfsmenntun. Bent er á að haldin hefur verið alhliða náms- og starfskynning á Akureyri í nokkur ár og gefa námsráðgjafar VMA upplýsingar um framkvæmd hennar.

**Katrín Dóra Þorsteinsdóttir,  forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti áherslur Samtaka iðnaðarins í tengslum við starfsmennt**







Bæklingur um verkefni ð *Verk- og tækninám nema hvað?* var sendur til nemenda í 9. bekk, nú í fysta skiptitengdur rafrænni upplýsingasíðu með you-tube myndböndum. *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (NKG) er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í  5. 6. og 7 bekk í grunnskóla. Undirbúningur í skólum landsins fer fram samhliða skólaárinu. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.









Verkefnið *Forritarar framtíðarinnar.* Hægt að sækja um í sjóð sem kynntur var í síðasta mánuði. Skilmálar er kennsla í tvö ár fyrir allan árganginn sem sótt eru um fyrir og tengja við námsskrá. Sjóðurinn leitast við að veita styrki til verkefna sem fela í sér eftirfarandi: Tölvubúnað, þjálfun og innleiðingu forritunarkennslu fyrir einn skóla eða sveitarfélag. Þjálfun og ráðgjöf við innleiðingu forritunarkennslu, spjaldtölva eða annað sem upp kann að koma og stjórn sjóðsins þykir áríðandi. Grunnnámskeið forritunar- og tæknikennslu hjá (Skema) fyrir kennara.

Menntasmidja.hi.is heimasíða fyrir skólafólk – t.d. er hægt að skoða best practice af GERT verkefninu þar.

**Umræður fundarmanna hvað verið er að gera á Ísafirði og nýjar hugmyndir varðandi starfsmenntun.**

Elín óskaði eftir upplýsingum um það hvernig náms- og starfskynningum væri háttað á svæðinu.

Menntaskólinn býður 10. bekkingum í heimsókn, í þessum kynningum er lögð áhersla á að sýna verknámið. Kynna aðeins það nám sem kennt er við skólann. Námsráðgjafar skólans fara í heimsókn til allra grunnskólanna og hitta nemendur í 9. og 10. bekk. Það var í gangi um tíma samstarf við grunnskólana þar sem nemendur fengu að velja sér valáfanga í verknámi við MÍ. Þetta skilaði sér ekki í námsvali nemenda, völdu samt langflest bóknám. Telja það vera hlutverk grunnskólanna að fræða nemendur um fjölbreytileika atvinnulífsins. Enginn alhliða starfskynning er haldin á svæðinu.

Bent var á að nemendur þurfa að fá að vinna meira í höndunum í grunnskólunum og jafnvel fyrr en nú er. Eins að skoða hvort auka megi fjölbreytni, t.d. eru kenndar smíðar en ekki málmsmíðar. Fulltrúar grunnskólans bentu á að það væri verið að kenna þeim verklegar greinar og í GÍ væru 4 tímar í vali á miðstigi sem væri fjölbreytt. Mannauðurinn stýrir því hvaða hægt er að bjóða upp á.

Í GÍ þá eru starfskynningar í 10. bekk þar sem nemendur fara í heimsóknir í fyrirtæki. Framkvæmdin og hversu vel er staðið að þessu fer mikið eftir kennurunum. Er ekki skilgreint í námsskrá.

Í Súðavík kemur fámennið í veg fyrir það að hægt er að vera með fjölbreytt val. Nemendur þar fara til Ísafjarðar í starfskynningar. Ákveðnir vinnustaðir vinsælir, svo sem lögreglan og bakaríið – telja að það sé vegna góðs orðspors, að þarna sé gaman að koma, frekar en nokkuð annað.

Fundarmenn telja að foreldrar og félagar hafi mikil áhrif á námsval. Nemendur eru uppteknir af því að velja nám þar sem þeir telja að þeir muni hafa það skemmtilegt, áherslan er þá ekki beint á námið heldur

félagslífið og umhverfið. Eru síðan hundleið í bóknáminu. Fá ekki tækifæri til að hugsa hve verknám er skemmtilegt.

Grunnskólarnir eru duglegir að nýta sér FabLabið og telja það gefa góða raun og geti eflt áhuga nemenda á tækni- og verknámi. Reynslan sýnir að nemendur á miðstigi eiga auðveldara en unglingarnir með að tileinka sér þessa tækni og hugsun.

Aðsókn að málmiðngreinum sveiflast mikið milli ára, hafa ekki skýringu á því. Mikil þörf fyrir fólk með þessa menntun og því stór spurning hvernig auka má val á þessu námi. Verðugt verkefni að skoða það. Árið 2010 voru 31% nemenda MÍ í Verknámi en nú eru það um 20%, námsframboð er minna nú þar sem ekki hafa verið nægar umsóknir sl. 3 ár til að kenna smíðar og grunndeild rafiðna hefur ekki verið kennd síðan 2004. Þess sér merki í samfélaginu þar sem skortur er á rafvirkjum og fljótlega eftir að námið lagðist niður fluttu tvö fyrirtæki í þessum geira burt af svæðinu. Tekist hefur að halda úti öflugri málmiðndeild vegna sterkra tengsla við atvinnulífið, um 16-17 nemendur sem stunda þar nám. Vantar öflugt trésmíðaverkstæði til að styðja við nám í húsasmíði. Nám þarf að taka mið af atvinnulífinu á svæðinu og þá verður til gagnkvæmur stuðningur sem kemur bæði nemendum og atvinnulífinu til góða. Nefnt að á Sauðárkróki var sett á laggirnar plastiðndeild í samvinnu við atvinnulífið og gagnrýnt að ráðuneytið neiti skólanum um fjármagn vegna hennar.

Rætt var um að það vantar námsbækur fyrir grunnskólann til að geta sinnt náms- og starfsfræðslu. Væri gott að geta tekið inn í kennslu strax á yngsta stigi en til þess þurfa kennarar að hafa námsgögn. Best væri að vinna þetta markvisst strax frá 1. bekk en til að gera náms- og starfsfræðslu markvissa þarf að setja hana á töflu og forsenda þess er að þetta verði sett inn í aðalnámsskrá. Jafnvel þyrfti tilskipun frá ráðuneytinu um að það beri að kenna náms- og starfsfræðslu.
Sem kennsluefni var bent á bókina eftir Sigrúni Eldjárn *Iðnir krakkar* sem Iðnú gaf út fyrir SI. Sent var eitt bekkjarsett til allra grunnskóla haustið 2010. Enginn kannaðist við að hafa séð bókina en Katrín hvatti fólk til að kanna það hvort hún væri ekki t.d. á bókasafninu.




Höfundur: Sigrún Eldjárn

Í þessari bók kemur við sögu fjölskrúðugur hópur iðnaðarmanna, m.a. rafvirkinn Stína stuð og Rabbi hársnyrtir en einnig gullsmiðir, bakarar, bifvélavirkjar o.fl. Fjörleg bók um iðna krakka, ríkulega myndskreytt af höfundi. Ætluð börnum í fyrstu bekkjum grunnskóla.

Reynt hefur verið að koma við fræðslu innan lífsleikni en það verður oft ekki nógu markvisst, þar er líka verið að kenna margt sem sumum fannst að ætti að vera á ábyrgð foreldra.
Umhverfið hefur breyst mikið á nokkrum árum. Nnú fá æ færri ungmenni reynslu úr atvinnulífinu, þessu þarf e-n veginn að bregðast við. Nefnt var að börn sem alast upp í sveit væru undantekning á þessu. Hætt er á að með þessari þróun þá hverfi handverkið æ meir. Er ögrun sem við stöndum frammi fyrir.

Eins var rætt um að viðhorfið í samfélaginu gagnvart skólanum væri neikvætt, það vantar að kenna börnum virðingu gagnvart fullorðnum og kennurum. Það vantar að efla samvinnu heimila og skóla, en það krefst tíma. Sá tími mun samt skila sér til baka í betra skólastarfi en líkt og rannsóknir á foreldrasamstarfi sýna þá er ávinningurinn margvíslegur fyrir alla aðila skólasamfélagsins.

Í Menntaskólanum eru foreldrar boðaðir á fund einu sinni á ári og er góð mæting á þessa fundi. GÍ hefur verið með skólafærninámskeið en ekki hefur verið næg þátttaka á þau á heildina litið. Verið er að skoða hverju þarf að breyta til að bæta aðsóknina.

Nemendur heyra sögur um að þeir komist ekki á samning og fái ekki vinnu og því velja þeir ekki verknám. Atvinnulífið þarf að vera duglegra við að koma réttum upplýsingum á framfæri og kalla markvisst eftir fólki í þau störf sem vantar. Eins þarf að auka meðvitund um vinnustaðanám og hreyfanleika þannig að nemendur geti tekið verklega hluta námsins jafnvel á öðrum stað en í heimabyggð eða þar sem þeir taka bóklega námið. Spurt var hver hefði ákveðið að það þyrfti að vera vinnustaðanám og hvort þetta skipulag hentar í nútíma samfélagi? Væri ekki hægt að taka það af og breyta áherslum í skólunum. Þróast út frá gamla kerfinu, lærlingur – meistari, mikilvægt að halda inni tengslum við atvinnulífið.

MÍ gerði breytingu á starfsnámi sjúkraliða þar sem þeir hafa ekki bara einn leiðbeinanda heldur jafnvel 3-4. Fá þannig að kynnast fjölbreyttari vinnubrögðum. Eru með bók sem fylgir þeim og telja þetta gefast vel. Bent var á að nemendur mega fara á milli vinnustaða í sínu verknámi. Vinnustaðanámsbækur eru mikilvægar í slíku ferli og eins þarf einhver einn aðili að taka að sér umsjón með nemendanum.

Umræða var um styttinguna og hvaða afleiðingar hún mun hafa fyrir landsbyggðina. Eru nemendur tilbúnir að fara að heiman 15/16 ára. Er öðruvísi samfélag í dag en hér áður fyrr en það þótti ekki tiltökumál að senda jafnvel 7 ára börn í heimavist. Sjálfræðisaldur var hækkaður í 18 ár, af hverju? Hljóta að hafa verið rök fyrir því – eru nú börn til 18 ára og margir foreldra vilja halda þeim heima fram að 18 ára aldri. Eins er kostnaðarsamt að halda tvö heimili eins og oft þar ef börnin fara burt í nám. Foreldrar óttast að missa tökin á nemendum, vilja að þeir séu á svæðinu til a.m.k. 18 ára. Eru það rök fyrir því að vera ekki með markvissa náms- og starfsfræðslu? Vilji til að beina þeim inn í það námsframboð sem er á staðnum. Flestir velja sér náttúrufræðibraut því að þá er allt opið. Foreldrar leggja líka mikla áherslu á að ljúki stúdentsprófi, ekki síst iðnmenntaðir foreldrar sem sjálfir eru ekki með stúdentspróf. Spurt hvort það er ekki bara allt í lagi að þau viti ekki hvað þau vilja 16 ára gömul? Nefnt var að það þarf að víkka sjóndeildarhring þeirra með kennslubókum og fræðslu. Má ekki tala niður ákveðnar faggreinar.

Þurfum að skoða skipulagið hjá okkur, horfa til Evrópu þar sem nemendur þurfa víða að ákveða snemma hvor leiðina þeir velja, þ.e. bóknám eða verknám. Spurning hvort það að vera með e-r slík skil hér fyrr í grunnskóla  myndi auka aðsókn í verknám. Þurfa þá að velta fyrir sér hvert stefnir og fá fræðslu og leiðsögn snemma. Velja mjög snemma í t.d. Sviss og Þýskalandi eða um 12 ára og erfitt að fara á milli leiða. Sumum finnst þetta full snemmt en okkar kerfi er alveg á hinn veginn þar sem þau standa mjög seint frammi fyrir þessu vali.

Héldu að með nýrri námsskrá þá yrði kerfið þannig að allir væru með stúdentspróf þar sem lögin segja að bóknám og verknám eigi að vera metið jafnt. Leiðin úr verknámi upp á háskólastig þarf að vera miklu sýnilegri og opnari.

Auka þarf virðingu fyrir starfsnámi, liður í því gæti verið að tala um Tækni- og verknám.
Fundi slitið kl. 15:40

Viðauki 4

Reykjavík, 25. febrúar 2014

*Kæru skólastjórendur/náms- og starfsráðgjafar*

Verkiðn efnir til samkeppni meðal nemenda 8. til 10. bekkjar grunnskóla sem heimsækja Kórinn dagana 6. til 8. mars og eru skólar hvattir til þátttöku.

Verkefnið á að fjalla um **upplifun nemenda af heimsókn sinni í Kórinn**. Þemað er: ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA OG FRAMHALDSSKÓLAKYNNINGIN: Upplifun mín af því sem ég sá.

Þeir grunnskólar sem ákveða að taka þátt í keppninni ákveða útfærsluna sjálfir. Dæmi: ritgerð, myndband, glærukynning.
Einstaklings- eða hópverkefni ( 2 til 3 nemendur).

Lengd ritgerðar 400 til 600 orð.
Lengd myndbands 2-3 mínútur.

Dómnefnd í hverjum skóla fyrir sig velur svo tvö bestu verkefnin og sendir þau inn til Verkiðnar fyrir 25. mars *á netfangið thor@verkidn.is. eða Stórhöfða 31, 110 Reykajvík. Merkt: Verkiðn – samkeppni.*

Veglegir vinningar í boði.

1. *Verðlaun – Ævintýri í Reykjanesbæ og bókaverðlaun*
2. *Verðlaun – Gisting á Hótel Selfossi og bókaverðlaun*

*3-5. Verðlaun – Bókaverðlaun*

*Tilkynnt verður um verðlaunahafa 30. apríl á heimasíðu og Facebooksíðu Verkiðnar. Haft verður samband við verðlaunahafa varðandi afhendingu verðlauna.*

*Með vinsemd og virðingu*

*Fh. Verkiðnar*
*Þór Pálsson*